Ársskýrsla sýslumanna

2019 - 2024

Útgefandi	Embætti sýslumanna
Ritstjórn	Sýslumannaráð
Ritstjóri	Bryndís Pétursdóttir, verkefnastjóri Sýslumannaráðs
Útgáfa	Ritið er aðeins gefið út á rafrænu formi og er birt á vef sýslumanna www.syslumenn.is
Útgáfudagur	19. desember 2025
Umbrot og textavinnsla	Bryndís Pétursdóttir, verkefnastjóri Sýslumannaráðs

Efnisyfirlit

1 Ávarp formanns Sýslumannaráðs ... 4
2 Sýslumannsembættin ... 6
2.1 Sýslumannaráð ... 7
2.2 Umdæmi og íbúafjöldi ... 7
2.3 Starfsfólk og starfsstöðvar ... 9
3 Rekstur embættanna ... 10
4 Stafræn vegferð sýslumanna ... 12
4.1 Verkefnasýslan og stafræn umbreyting ... 14
4.2 Mælingar á þjónustu og starfsánægju ... 16
4.3 Árangur stafrænnar umbreytingar ... 18
5 Þjónusta sýslumanna ... 20
5.1 Andlát og dánarbú ... 22
5.2 Þinglýsingar, staðfestingar og skráningar ... 25
5.3 Fjölskyldumál ... 27
5.4 Leyfisveitingar ... 33
5.5 Vegabréf ... 36
5.6 Ökuskírteini ... 37
5.7 Stæðiskort ... 38
5.8 Sakavottorð ... 39
5.9 Veðbókarvottorð ... 39
5.10 Fullnustugerðir ... 40
5.11 Nauðungarsölur ... 40
5.12 Lögráðamál ... 43
6 Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar ... 45
6.1 Forsetakosningar 27. júní 2020 ... 45
6.2 Alþingiskosningar 25. september 2021 ... 45
6.3 Sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022 ... 46
6.4 Forsetakosningar 1. júní 2024 ... 47
6.5 Alþingiskosningar 30. nóvember 2024 ... 48
7 Sérverkefni sýslumanna og tölulegar upplýsingar ... 50
7.1 Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu ... 50
7.2 Sýslumaðurinn á Vesturlandi ... 52
7.3 Sýslumaðurinn á Vestfjörðum ... 52
7.4 Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra ... 54
7.5 Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra ... 55
7.6 Sýslumaðurinn á Austurlandi ... 57
7.7 Sýslumaðurinn á Suðurlandi ... 58
7.8 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum ... 61
7.9 Sýslumaðurinn á Suðurnesjum ... 62
8 Viðauki I – Tölulegar upplýsingar um verkefni sýslumanna eftir embættum ... 64
8.1 Fjölskyldumál ... 64
8.2 Dánarbúsmál ... 79
8.3 Fullnustumál ... 82
8.4 Lögráðamál ... 88
8.5 Þinglýsingar ... 89
8.6 Lögbókandagerðir ... 90
9 Viðauki II - Grindavík ... 91
10 Viðauki III – Stofnun ársins ... 93

1 Ávarp formanns Sýslumannaráðs

Umbreytingatímabilið 2019–2024

Árin 2019 til 2024 hafa verið tími mikilla umbreytinga í starfsemi sýslumanna. Eftir erfið ár í kjölfar sameiningar embættanna úr 24 í 9 árið 2015, þar sem rekstrarfé embættanna var vanáætlað, var stigið stórt skref fram á við þegar auknu fjármagni var varið í málaflokkinn. Markmiðið var að greiða niður rekstrarhalla, tryggja sjálfbæran rekstur og hraða stafrænni umbreytingu. Varanleg rekstrarstyrking um 150 m.kr. frá árinu 2020 skipti sköpum og lagði grunn að betri þjónustu, bættri ímynd og aukinni stafrænni vinnslu erinda.

Stefna og framtíðarsýn

Árið 2020 hófst markviss vinna við að gera þjónustu embættanna aðgengilegri og skilvirkari. Þeirri vinnu lauk með skýrslu þáverandi dómsmálaráðherra, Áslaugar Örnu Sigurbjörnsdóttur sem bar heitið *Sýslumenn – Framtíðarsýn, umbætur á þjónustu og rekstri*. Þar var lögð áhersla á að embættin veittu framúrskarandi þjónustu, óháð búsetu og staðsetningu, hvar og hvenær sem er, eftir því sem hentaði almenningi hverju sinni. Í kjölfarið hófst stefnumótun sýslumanna þar sem þarfir notenda og skilvirkur rekstur voru sett í forgang.

Hröðun stafrænnar umbreytingar

Heimsfaraldurinn á árunum 2020–2022 hraðaði gríðarlega innleiðingu stafrænna lausna. Sýslumenn héldu úti óskertri þjónustu á meðan og beindu þjónustunni í auknum mæli í rafrænar lausnir. Stafrænni umbreytingu var flýtt og var alls 180 m.kr. varið í hröðun á innleiðingu stafrænnar þjónustu embættanna á rekstrarárunum 2023 og 2024. Verkefnaáætlun stóðst og tókst sýslumönnum að innleiða fjölda nýrra stafrænna þjónustuleiða á umræddu tímabili, sem lesa má um nánar í skýrslu þessari. Árangurinn má þakka nánu samstarfi starfsmanna, sýslumanna, Sýslumannaráðs, dómsmálaráðuneytis og Stafræns Íslands.

Ný þjónusta – ný hugsun

Í stefnumótunarvinnunni settu sýslumenn sér það markmið að vera leiðandi í stafrænni þjónustu. Á þeirri vegferð ákváðu sýslumenn fyrstir ríkisstofnana að hýsa vef sinn á Ísland.is. Opnun nýs vefs í maí 2021 markaði tímamót í þjónustu sýslumanna og unnt var að bjóða upp á nýjar þjónustuleiðir líkt og stafrænar umsóknir, netspjall, spjallmenni og fyrirspurnaform, allt með það að markmiði að gera þjónustuna einfaldari, aðgengilegri og sveigjanlegri.

Á vef sýslumanna, syslumenn.is, getur almenningur nú aflað upplýsinga, gengið frá stafrænum umsóknum og átt rafræn samskipti við embættin hvar og hvenær sem er, eftir því sem hentar hverju sinni. Þessi áfangi var stórt skref í átt að markmiði sýslumanna um framúrskarandi þjónustu og hefur hann létt álagi af starfsfólki samhliða því að mæta þörfum og bæta upplifun viðskiptavina.

Sameiningarhugmyndir og áskoranir

Í mars 2022 kynnti þáverandi dómsmálaráðherra, Jón Gunnarsson, áform um sameiningu sýslumannsembættanna úr níu í eitt. Markmiðið var að gera embættin að nútímalegri og skilvirkari stofnun. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að endurskoða þyrfti skipulag embættanna til að bæta þjónustu við almenning, einkum með tilliti til umdæmaskipunar og takmarkana á innleiðingu stafrænna lausna. Frumvarpið var kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda en var ekki lagt fram á Alþingi fyrr en vorið 2025, þá sem þingmannafrumvarp. Í mars 2025 lagði núverandi dómsmálaráðherra, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, fram frumvarp um sameinað embætti sýslumanns. Það dagaði uppi á vorþingi en hefur nú verið lagt fram að nýju. Við ritun þessa ávarps er staðan sú að frumvarpinu hefur verið vísað til allsherjar- og menntamálanefndar eftir 2. umræðu á Alþingi.

Áskoranir embættanna hafa einkum falist í auknum kröfum um aðgengilega þjónustu og þörf á að styrkja tækniinnviði. Stafræn og sjálfvirknivædd þjónusta er lykillinn að því að mæta þessum kröfum og skapa svigrúm til nýrra verkefna vítt og breytt um landið.

Mynd 1.1 Kristín Þórðardóttir tekur á móti verðlaununum Stafræn skref Ísland.is 2022 á ráðstefnunni Tengjun ríkið. Þá urðu sýslumenn fyrstu stofnunin til að ná átta af níu stafrænum skrefum Ísland.is. Árið eftir náðu þeir, fyrstir stofnana, öllum níu skrefunum.

Viðurkenningar og árangur

Vegferð sýslumanna hefur vakið athygli. Þeir hafa hlotið viðurkenningar fyrir framlag til stafrænnar þjónustu ríkisins, fyrstir opinberra stofnana náð öllum níu stafrænum skrefum Ísland.is og verið tilnefndir til UT-verðlauna SKÝ. Sýslumenn mælast nú með hæsta ánægjuhlutfall frá upphafi þjónustukannana árið 2024 (64% ánægðir) og 71% bera mikið traust til embætta sýslumanna. Slíkt er ekki sjálfsagt og ber að hampa þeim árangri sérstaklega. Árið 2024 hlutu sýslumenn nýsköpunarverðlaun hins opinbera fyrir brautryðjendastarf við sjálfvirknivæðingu í opinberri þjónustu og sérstaklega í stafrænni meðferð dánarbúsmála.

Fólkið sem gerði þetta mögulegt

Stafræn umbreyting gerist ekki af sjálfu sér. Hún hefur krafist breiðrar samstöðu, tileinkun nýrrar þekkingar, framsýni og leitt af sér stóraukin verkefni starfsmanna. Sýslumenn hafa byggt stafræna umbreytingu á fyrirliggjandi mannauði embættanna - fólkinu með þekkinguna á verkefnunum. Starfsmenn hafa axlað ábyrgð, tekið þátt í innleiðingu og skapað breiða samstöðu um betri þjónustu. Þeirra framlag er hjartað í þessum árangri.

Vegferð sem heldur áfram

Innleiðing stafrænna lausna tekur tíma, krefst umbóta og laðar sífellt fram nýjar áskoranir. Þótt umbreytingaferlið virðist stundum langt er trúin sú að ávinningurinn verði enn meiri til lengri tíma. Áfram verður haldið með það að markmiði að veita landsmönnum örugga, skilvirka og aðgengilega þjónustu – og rísa undir því mikla trausti sem almenningur ber til sýslumanna.

Kristín Þórðardóttir er sýslumaður á Suðurlandi, settur sýslumaður í Vestmannaeyjum og jafnframt formaður Sýslumannaráðs.

2 Sýslumannsembættin

Lengst af snertu verkefni embætta sýslumanna allar þrjár greinar ríkisvaldsins, eins og það var greint á 18. öld af heimspekingnum Montesquieu í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Með lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, var að fullu skilið á milli dómsvalds og framkvæmdarvalds í stjórnskipaninni og frá gildistölu laganna hafa sýslumenn eingöngu sinnt störfum á sviði framkvæmdarvaldsins. Það var fyrst með 10. gr. þeirra laga að hlutverk sýslumanna í stjórnskipaninni er orðað og sagt að sýslumenn fari: „hver í sínu umdæmi, með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.“

Þótt verkefni sýslumanna snerti nú eingöngu eina grein ríkisvaldsins er þeirra getið í yfir 100 lagabálkum og yfir 200 reglugerðum í reglugerðasafni. Hjá sýslumönnum nálgast viðskiptavinir ýmsa þjónustu ríkisins, ýmist rafrænt eða með komu á eina af 27 starfsstöðvum sýslumanna. Dreifð staðsetning skrifstofanna skapar þétt þjónustunet við íbúa landsins. Meðal verkefna embættanna eru umsýsla umsókna um vegabréf og ökuskírteini, innheimta skatta og annarra gjalda, umsjón fjölskyldumála, umboð almannatrygginga og ýmis opinber réttindaskráning, svo sem þinglýsingar, útgáfa leyfa og fleira. Sýslumenn tryggja einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi gott aðgengi að þjónustu ríkisins svo þau séu upplýst um skyldur og fái notið réttinda sinna.

Saga sýslumanna er löng og hún er samofin sögu þjóðarinnar og þróun þjóðfélagsins. Lengst af voru sýslumenn landsins karlar, en fyrsta konan, Hjördís Hákonardóttir, var skipuð sýslumaður árið 1980, sama ár og Íslendingar kusu Vigdísi Finnbogadóttur til embættis forseta lýðveldisins. Árið 2021 urðu þau tíðindi að konur

Mynd 2.1 Sýslumenn hlutu nýsköpunarverðlaun hins opinbera í mars 2024 fyrir framúrskarandi stafræna umbreytingu í málsmeðferð dánarbúsmála.

Frá vinstri: Kristín Þórðardóttir, sýslumaður á Suðurlandi og settur sýslumaður í Vestmannaeyjum, Svavar Pálsson, sýslumaður á Norðurlandi eystra og settur sýslumaður á Austurlandi, Birna Ágústdóttir, sýslumaður á Norðurlandi vestra og settur sýslumaður á Vesturlandi, Anna Lilja Ragnarsdóttir staðgengill sýslumannsins á Suðurlandi og verkefnastjóri rafrænna dánarbúa, Sigríður Kristinssdóttir, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu, Ólafur Kristófer Ólafsson fv. sýslumaður á Vesturlandi, Jónas B. Guðmundsson, sýslumaður á Vestfjörðum og Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Suðurnesjum. Á myndina vantar Lárus Bjarnason sem þá var sýslumaður á Austurlandi.

urðu í meirihluta meðal sýslumanna, er þær skipuðu fimm embætti af níu. Er það í góðu samræmi við ákall samfélagsins um að auka hlutdeild kvenna í æðstu stjórnunarstöðum.

Sýslumenn hafa tekið afgerandi stefnu til framtíðar og sett sér markmið um að vera fremstir á meðal jafningja þegar kemur að stafrænni opinberri þjónustu. Segja má að nú sé hafinn nýr kafli í sögu embættanna þar sem rauði þráðurinn er tæknileg umbreyting og áherslur á þarfir viðskiptavina um afgreiðslu og þjónustu hvar og hvenær sem er óháð búsetu eða staðsetningu. Úr verða öflug, nútímaleg embætti sem eru í stakk búin að taka við frekari verkefnum sem skipta almenning í landinu máli.

2.1 Sýslumannaráð

Sýslumannaráð er lögbundinn samstarfsvettvangur sýslumanna, sem á sér stoð í 6. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Árlega tilnefna sýslumenn úr sínum hópi þrjá fulltrúa í Sýslumannaráð. Hlutverk ráðsins er að vinna að stefnumótun fyrir sýslumannsembættin í heild og gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum sýslumanna eða löggjöf sem um verkefni þeirra gildir. Sýslumannaráð stýrir og forgangsraðar verkefnum í stafrænni vegferð í samráði við sýslumenn. Í Sýslumannaráði sitja nú þau Kristín Þórðardóttir, sýslumaður á Suðurlandi og settur sýslumaður í Vestmannaeyjum, sem jafnframt er formaður, Birna Ágústsdóttir, sýslumaður á Norðurlandi vestra og settur sýslumaður á Vesturlandi og Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnastjóri Sýslumannaráðs er Bryndís Pétursdóttir.

Árið 2019 var Sýslumannaráð skipað þeim Kristínu Þórðardóttur, Ólafi K. Ólafssyni og Svavari Pálssyni sýslumanni á Norðurlandi eystra, en Sigríður Kristinsdóttir kom í stað Svavars Pálssonar í Sýslumannaráð haustið 2021 og Birna Ágústsdóttir í stað Ólafs K. Ólafssonar árið 2023.

2.2 Umdæmi og íbúafjöldi

Samkvæmt 2. gr. laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði nr. 50/2014 skiptist landið í níu umdæmi sýslumanna sem eru:

1. Umdæmi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu
2. Umdæmi Sýslumannsins á Vesturlandi
3. Umdæmi Sýslumannsins á Vestfjörðum
4. Umdæmi Sýslumannsins á Norðurlandi vestra
5. Umdæmi Sýslumannsins á Norðurlandi eystra
6. Umdæmi Sýslumannsins á Austurlandi
7. Umdæmi Sýslumannsins á Suðurlandi
8. Umdæmi Sýslumannsins í Vestmannaeyjum
9. Umdæmi Sýslumannsins á Suðurnesjum.

Umdæmamörk sýslumannsembætta eru ákveðin í reglugerð sem ráðherra setur með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæminu. Ákvæði um umdæmi, skrifstofur og útibú sýslumanna er að finna í reglugerð nr. 1151/2014, um umdæmi sýslumanna, með síðari breytingum.

Á árinu 2023 tilkynnti þáverandi dómsmálaráðherra, Guðrún Hafsteinsdóttir, að unnið yrði að því að fella niður áhrif umdæmamarka gagnvart almenningi og setning sýslumanna í laus embætti væri leið til að ná þeim markmiðum sem stefna málaflokksins byggi á. Síðan þá hafa þrír sýslumenn verið settir tímabundið í önnur embætti; Kristín Þórðardóttir, sýslumaður á Suðurlandi, var sett í embætti sýslumanns í Vestmannaeyjum frá 1. október 2023, Birna Ágústsdóttir, sýslumaður á Norðurlandi vestra, var sett í embætti sýslumanns á Vesturlandi frá 1. júní 2024 og Svavar Pálsson, sýslumaður á Norðurlandi eystra, var settur í embætti sýslumanns á Austurlandi frá 1. nóvember 2024. Aðrir sýslumenn eru Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Suðurnesjum, Jónas B. Guðmundsson, sýslumaður á Vestfjörðum og Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 2.2 Umdæmamörk embætta sýslumanna.

Á mynd 2.3 má sjá þróun íbúafjölda innan hvers sýslumannsembættis undanfarin ár. Íbúafjöldi hefur aukist í öllum umdæmum en hlutfallslega hefur mesta fólksfjölgunin orðið á Suðurlandi (23%), Suðurnesjum (12%) og á höfuðborgarsvæðinu (12%) frá janúar 2019 til janúar 2025. Alls fjölgaði íbúum um 40 þúsund á tímabilinu, um 2/3 þeirra eru erlendir ríkisborgarar.

Landshlutar	1.jan.19	1.jan.20	1.jan.21	1.jan.22	1.jan.23	1.jan.24	1.jan.25
Höfuðborgarsvæði	222.981	226.169	229.647	233.364	239.289	244.177	249.054
Norðurland eystra	29.964	30.020	30.081	30.595	31.167	31.574	32.026
Suðurland	24.976	25.782	26.240	27.192	28.372	29.656	30.798
Suðurnes	26.463	26.835	27.042	27.874	29.709	30.933	29.577
Vesturland	16.229	16.281	16.277	16.591	17.084	17.419	17.761
Austurland	10.560	10.572	10.637	10.791	10.881	11.085	11.217
Norðurland vestra	7.152	7.210	7.254	7.241	7.247	7.294	7.355
Vestfirðir	6.913	6.913	6.880	6.959	7.099	7.168	7.176
Vestmannaeyjar	4.230	4.260	4.240	4.310	4.370	4.420	4.480
Samtals	**349.468**	**354.042**	**358.298**	**364.917**	**375.218**	**383.726**	**389.444**

Mynd 2.3 Íbúafjöldi embætta sýslumanna árin 2019-2025. Heimild: Hagstofa Íslands.

2.3 Starfsfólk og starfsstöðvar

Meðalfjöldi stöðugilda við embætti sýslumanna í árslok 2024 var samtals um 261, þar af voru stöðugildi lögfræðinga um 70. Um landið allt eru alls 27 starfsstöðvar sem skiptast í níu aðalskrifstofur, níu aðrar sýsluskrifstofur sem einnig veita fulla þjónustu og níu útibú sem veita lágmarksþjónustu. Starfsstöð í Grindavík var lokað í árslok 2024 vegna eldgoss og hefur ekki verið opnuð síðan og er þá einungis starfsstöð í Reykjanesbæ á Suðurnesjum. Umdæmi sýslumanna eru misstór og samanstanda af sex víðfeðmum og nokkuð dreifbýlum umdæmum (Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland) og þremur sem eru að mestu staðbundin (höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Vestmannaeyjar). Eftirfarandi tafla sýnir meðalfjölda stöðugilda yfir árið hjá embættunum annars vegar og fjölda starfsstöðva per embætti hins vegar. Þar sem um meðalfjölda stöðugilda er um að ræða er talsvert af tímabundnum stöðugildum á árinu 2024 vegna forseta- og Alþingiskosninga, en sé leiðrétt fyrir tímabundnum ráðningum var fjöldi stöðugilda í árslok 2024 241,9.

Stöðugildi	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Starfstöðvar
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	100	97,2	102,4	92,8	89,2	94,9	1
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	25	23,4	23,7	26	26,4	27,0	5
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	25,4	25,4	25,8	26,3	26,3	26,4	4
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	21	19,7	20,7	19,7	19,7	19,2	2
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	17	16,3	16,7	17,1	17,6	15,7	5
Sýslumaðurinn á Austurlandi	11,3	13,1	10,5	10,2	12	12,1	4
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	23,2	23,3	22,5	23,5	21,8	33,6	2
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	18,5	18,5	17,4	15,8	16,8	15,9	3
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	8,3	5,8	8,7	8,9	9,7	9,6	1
Samtals	249,7	242,7	248,4	240,3	239,5	254,4	27

Mynd 2.4 Meðalfjöldi stöðugilda og fjöldi starfsstöðva á árunum 2019-2024. Aukningu á stöðugildum milli áranna 2023 og 2024 má rekja til skammtímaráðninga vegna kosninga á árinu 2024.

3 Rekstur embættanna

Sýslumenn hafa leitast við að hagræða í rekstri og aðkeyptri þjónustu og varð raunin sú þegar sýslumenn ákváðu að fara í útboð á öllum tölvurekstri embættanna. Í lok árs 2019 var hlutfall aðkeyptrar þjónustu 7% af rekstrarkostnaði en í lok árs 2024 var hlutfallið komið niður í 6%. Sé litið til raunkostnaðar þá lækkaði kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu um 35% á tímabilinu. Í ferli stafrænnar vegferðar hafa ekki verið ráðnir inn sérfræðingar til embættanna, heldur hefur starfsfólki verið gefinn kostur á að taka að sér breytt hlutverk og nýja ábyrgð. Sýslumenn ákváðu einnig að leggja niður þáverandi vef sýslumanna og færðu sig alfarið yfir á Ísland.is sem hafði einnig í för með sér hagræðingu fyrir embættin. Þá hafa sýslumenn farið í ýmsar aðgerðir til að styrkja innri stoðir embættanna og auka stafrænar lausnir, sem vonast er til að muni skila sér í bættri þjónustu og hagræðingu fyrir ríkið og almenning.

Mynd 3.1 sýnir yfirlit yfir samanlagðan rekstrarkostnað allra embættanna árin 2019 til 2024. Ástæðan fyrir aukningu á aðkeyptri þjónustu milli áranna 2020 og 2021 er að miklu leyti sú að sýslumenn fóru í áður nefnt útboð á öllum tölvurekstri í lok árs 2021, sem fól í sér innleiðingarkostnað og annan einsskiptis kostnað, en eins og sjá má skilaði sá kostnaður sér alfarið til baka árin á eftir.

Rekstur í m.kr.	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Laun og launatengd gjöld	2.295	2.517	2.695	2.695	2.799	2.893
Húsnæðiskostnaður	271	298	308	314	361	387
Aðkeypt þjónusta v. tölvureksturs og sérfræðiþjónustu	129	133	183	101	111	128
Önnur aðkeypt þjónusta	62	57	57	68	68	73
Önnur rekstrargjöld	68	76	83	92	90	94
Samtals rekstrarkostnaður	**2.763**	**3.025**	**3.269**	**3.202**	**3.362**	**3.502**
Sértekjur og aðrar rekstrartekjur	119	145	297	227	197	53
Framlag ríkissjóðs	2.810	2.982	3.040	3.022	3.342	3.504
Samtals	**2.929**	**3.127**	**3.338**	**3.249**	**3.539**	**3.557**
Afkoma ársins	**165**	**101**	**68**	**47**	**177**	**55**

Mynd 3.1 Samanlagður rekstrarkostnaður allra embætta sýslumanna 2019-2024, m.kr.

Heildarkostnaður, miðað við verðlagsþróun, sýnir lækkun eftir árið 2021 og bendir það til hagræðingar að raunvirði. Eins og áður sagði hefur raunkostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu dregist saman um 35% í kjölfar útboðs á tölvurekstri. Framlög til sýslumanna hafa ekki haldist í hendur við verðbólgu, þar sem þau hækkuðu einungis um 18% á tímabilinu, miðað við 28% hækkun verðlags. Því hafa embættin þurft að ráðast í markvissar hagræðingaraðgerðir til að halda rekstrarkostnaði niðri. Þrátt fyrir verðbólgu og hækkandi nafnkostnað hefur reksturinn haldist innan fjárheimilda og afkoman verið jákvæð.

Á mynd 3.2 sést hvernig samanlagður rekstrarkostnaður embætta sýslumanna skiptist í launakostnað, húsnæðiskostnað, aðkeypta þjónustu og önnur rekstrargjöld. Hlutfall launakostnaðar hefur lítið breyst milli ára og nam um 82,6% af heildarrekstrarkostnaði árið 2024, samanborið við 83,1% árið 2019.

Sýslumenn hafa leitast við að ná hagræðingu í launakostnaði með náttúrulegri fækkun starfsmanna, þannig að þegar starfsmenn láta af störfum sökum aldurs eða af öðrum ástæðum, er litið til verkefnastöðu annarra starfsmanna og hvort tækifæri sé til að móta ný hlutverk eða verkefni í ljósi breyttra ferla eða vegna stafrænna lausna.

Mynd 3.2 Skipting rekstrarkostnaðar allra embætta sýslumanna 2019-2024, m.kr. og hlutfall launakostnaðar af heildarrekstrarkostnaði.

4 Stafræn vegferð sýslumanna

Vorið 2020, þegar heimsfaraldur kórónuveiru geisaði, varð afar brýnt að fjölga rafrænum þjónustulausnum. Hafist var handa við að útbúa pdf-eyðublöð sem unnt væri að fylla út og senda með rafrænum hætti til sýslumanna. Segja má að þetta hafi verið fyrsta skrefið í gagn- og sjálfvirkum samskiptum almennings við sýslumenn. Síðan þá hafa sýslumenn einsett sér að vera leiðandi þegar kemur að stafrænni opinberri þjónustu sem hefur gengið framar vonum enda nánast allar þjónustuleiðir nú orðnar stafrænar og notkun pdf eyðublaða aflögð.

Sýslumenn réðust í stefnumótunarvinnu á vormánuðum 2021. Þar voru lagðar fram áherslur um bætta þjónustu, skilvirkan rekstur og starfsánægju. Lagður var grunnur að öflugum samstarfsvettvangi embættanna til að halda áfram vinnu á grunni stefnumótunarinnar. Sýslumannsembættin hafa ráðist í fjölbreyttar aðgerðir til að bæta þjónustu við almenning með stafrænum lausnum. Hér verður fjallað um þær stafrænu og tæknilegu umbreytingar sem sýslumenn hafa ráðist í til að styðja við markmið stefnumótunarinnar, þar á meðal innleiðingu nýrra lausna, aukna sjálfvirkni, samþættingu kerfa og bætt vinnuumhverfi starfsfólks, þannig að það hafi aðgang að nútímalegum verkfærum, geti starfað á sveigjanlegri hátt og tekist á við ný verkefni í samvinnu við aðra. Árið 2021 framkvæmdu sýslumenn heildstæða og umfangsmikla þarfagreiningu á upplýsingatæknimálum allra embættanna og mótuðu framtíðarsýn er varðar umbætur í þjónustu og rekstri, en forsenda umbóta er gagnleg og skilvirk notkun á upplýsingatækni, sem styður við stafræna þróun. Sýslumenn vildu auka sjálfstæði sitt og óháði í ákvörðunum er tengdust upplýsingatæknimálum og var því ráðist í útboð á tölvurekstri og hýsingu, en sú ákvörðun olli straumhvörfum í vegferð embættanna.

Sýslumenn ákváðu að aðgangur viðskiptavina að þjónustu hvar og hvenær sem er skyldi vera á Ísland.is og eins og áður greinir færðu þeir vef sinn alfarið þangað. Þannig fengu sýslumenn afnot af öllum tæknistakk Íslands.is, þar á meðal stafrænu pósthólfi, umsóknarkerfi og rafrænni innskráningu, mínum síðum, spjallmenni, netspjalli, þjónustuvef og appinu. Þeir voru fyrstir stofnana til að nýta allan tæknistakk Ísland.is.

Sýslumenn telja mikilvægt að tæknilegar lausnir séu ekki einungis hugsaðar fyrir þá sem nýta sér þjónustu embættanna með rafrænum hætti, heldur að þær séu einnig hannaðar þannig að unnt sé að koma til móts við þarfir viðskiptavina sem kjósa að mæta á starfsstöðvar embættanna eða

Framtíðarsýn

Embættin veiti framúrskarandi þjónustu, óháð búsetu og staðsetningu, hvar og hvenær sem er, eftir því sem hentar viðskiptavinum hverju sinni.

Stefnuáherslur

- Skilvirkur rekstur
- Bætt þjónusta
- Ánægja starfsfólks

Þjónusta fyrir alla

Mikilvægt er að viðskiptavinum sé ekki mismunað eftir því hvaða þjónustuleið þeir kjósa sér. Þó er reynt að beina viðskiptavinum í stafrænar lausnir, því það stuðlar að vandaðri umsóknum, flýtir afgreiðslu og fækkar komum.

Allt stuðlar þetta að bættri þjónustu, vinnuhagræði og lægra kolefnisspori.

geta ekki af einhverjum ástæðum nýtt sér stafrænar lausnir. Sérstök áhersla er lögð á að stafrænar lausnir séu hannaðar bæði fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir rafrænt og fyrir þá sem kjósa að sækja þjónustu á skrifstofur sýslumanna. Þjónustulausnir eru þannig úr garði gerðar að starfsfólk getur nálgast nauðsynleg gögn með stafrænum lausnum í þágu viðskiptavinarins í stað þess að senda hann á milli stofnana til að afla gagna. Þó verður að hafa hugfast að enn eru viðskiptavinir sem ekki hafa tök á að fá rafræn skilríki eða leiðin til öflunar slíkra skilríkja er þyrnum stráð. Umræddan hóp þurfa sýslumenn að þjónusta sem og þá sem fremur kjósa að mæta á starfsstöð en að nýta sér stafrænar þjónustur embættanna. Stafræn vegferð gerir því kröfur um betri samtengingar og samþættingu kerfa, samræmda og sjálfvirka gagnaflutninga og miðlun upplýsinga um stöðu og framvindu til þeirra kerfa sem á þarf að halda.

Við þróun stafrænnar þjónustu er viðfangsefnið oftar en ekki að aðlaga tæknina og stafrænar þjónustur að gildandi regluverki, þannig að uppfyllt séu lagaskilyrði og að stafræn málsmeðferð standist kröfur réttarríkisins. Bregðast þarf við nýrri tækni með þróun verklags og setningu viðmiða um notkun nýrra tæknilausna. Slíkt hafa sýslumenn gert meðal annars í tengslum við notkun rafrænna innsigla og undirritana þannig að starfsfólki sé veittur traustari grunnur til að fóta sig í síbreytilegu umhverfi umbóta í þjónustu. Þannig hafa sýslumenn í gegnum stafræna ferlið eflt grunnstoðir sínar svo þær séu þess búnar að geta stutt við stafræna vegferð. Stefnt er að því að *Sýslan,* sameiginlegt starfskerfi sýslumanna, haldi utan um alla málaflokka embættanna, varðveiti gögn og upplýsingar um afgreiðslur mála og verði viðmót starfsmanna við vinnslu þeirra. Þannig geti *Sýslan* veitt heildstæða sýn yfir mál og tölfræði, nýtt gögn og upplýsingar milli kerfishluta eða sótt til annarra kerfa og miðlað áfram með sjálfvirkum og kerfislægum hætti. Með auknu sjálfstæði í upplýsingatæknimálum geta sýslumenn nú útbúið sjálfir rafrænar umsóknir í umsóknakerfi Ísland.is og tengjast þau mál sjálfvirkt við *Sýsluna*. Enn fremur hefur verið hönnuð lausn sem gerir sýslumönnum kleift að smíða nýjar kerfiseiningar í *Sýsluna* með einföldum og skilvirkum hætti. Í samræmi við stefnu um skilvirkan rekstur og styrkingu innviða hafa yfir tuttugu málaflokkar verið innleiddir í *Sýsluna*, sem leyst hefur af hólmi eldri kerfi og dregið verulega úr handavinnu á pappír, í Excel eða öðrum óskilvirkum skjalaformum.

Segja má að ákveðin vatnaskil hafi orðið í þjónustu embættanna þegar *Sýslan* tengdist umsóknagátt Ísland.is. Kerfið tengist öðrum fyrirtækjum og stofnunum í stafrænu umsóknarferli með því að ná í gögn og upplýsingar í gegnum vefþjónustur, það sendir undirritunarbeiðnir á tiltekna aðila og sendir að lokum tilkynningu eða úrlausn í stafrænt pósthólf viðkomandi á Ísland.is. Tengingin virkar líka á hinn veginn, þar sem uppfærðar stöður í *Sýslu* birtast sjálfkrafa á vef sýslumanna, t.a.m. listi yfir útgefin rekstrarleyfi, fyrirhugaðar framhaldssölur og fleira.

Ofurnotendur sýslumanna

Í kjölfar útboðs alls tölvureksturs tilnefndu sýslumenn starfsmenn á hverju embætti sem mynduðu hóp tæknilegra tengiliða, eða svokallaða ***ofurnotendur.*** Þeir fengu það hlutverk að fylgjast með daglegri virkni er varðar upplýsingatækni innan embættanna og veita starfsmönnum og viðskiptavinum aðstoð við mál sem tengjast notkun kerfa og lausna í umsjá sýslumanna.

Stofnun hóps tæknilegra tengiliða gerir sýslumönnum kleift að ná heildstæðri sýn yfir kerfislegar þarfir starfsmanna og skilvirkri eftirfylgni á innleiðingu nýrra tæknilegra vara og þjónustu, þar sem ofurnotendur fá til lausnar þau vandamál sem geta komið upp við stafrænar innleiðingar.

Í gegnum stafræna vegferð hafa sýslumenn lagt sérstaka áherslu á að skapa starfsfólki sínu skilvirkt, þægilegt og öruggt vinnuumhverfi. Meginmarkmiðið er að stafrænar lausnir létti álagi af starfsfólki, einfaldi störf þess og stuðli að betra vinnuflæði, en séu ekki til viðbótar við núverandi verkefni. Í dag krefst daglegt starf oft umtalsverðrar þekkingar á fjölmörgum tölvukerfum. Þetta eykur hættu á villum, hægir á afgreiðslu og veldur óþarfa álagi á starfsmenn. Þá fylgir því aukin áhætta á þekkingartapi við starfslok sérhæfðra starfsmanna, flóknara þjálfunarferli nýrra starfsmanna og minni sveigjanleiki í verkaskiptingu innan og milli embætta. Slíkt vinnur gegn markmiðum um fjölbreytt og eftirsóknarverð störf í nútímalegu opinberu starfsumhverfi. Ánægt starfsfólk skilar betri þjónustu, meiri skilvirkni og minni starfsmannaveltu. Því er starfsánægja órjúfanlega tengd markmiðum um góðan rekstur og hámarksþjónustu. Í stafrænni umbreytingu hafa sýslumenn unnið markvisst að því að einfalda innri kerfi og draga úr flækjustigi með því að fækka tölvukerfum og færa fleiri málaflokka inn í sameiginlegt starfskerfi, *Sýsluna*. Þar með hefur orðið meiri samræming á verklagi milli embætta, sem hefur aukið sveigjanleika í mannahaldi og eflt vilja starfsmanna til að taka að sér ný verkefni og samstarf þvert á embætti. Í kafla 4.1 er greint frá því hvernig þessi nýja sýn og breytta áhersla hafði bein áhrif á samstarf milli embættanna og leiddi til þess að starfsmenn sóttust eftir og hófu vinnu þvert á embættin.

4.1 Verkefnasýslan og stafræn umbreyting

Í maí 2022 var lögð fram fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, þar sem lagt var til að verja 180 m.kr. til stafrænna umbreytinga hjá sýslumannsembættunum árin 2023 og 2024 sem myndi skila sér til baka árið 2025 vegna áhrifa af endurskipulagningu sýslumannsembættanna og niðurfellingu lögsagnarumdæma.[1] Fjárfesting í stafrænum lausnum myndi jafnframt skila sér í aukinni skilvirkni, fækkun handtaka, minni sóun á pappír og póstburðargjöldum og talsvert minna kolefnisspori með fækkun bílferða o.s.frv. Í kjölfar útgáfu fjármálaáætlunar fóru sýslumenn í undirbúningsvinnu og lögðu fram áætlun um stafræna umbreytingu, hvað þyrfi til og hvernig stafræn umbreyting myndi birtast gagnvart embættunum, starfsmönnum og viðskiptavinum þeirra. Ákveðið var að innleiða nýtt skipulag til að hraða stafrænni innleiðingu þannig að stafræn umbreyting væri raunhæf á einungis tveimur árum.

Starfsmenn verða „stafrænir leiðtogar“

Stafræn umbreyting var leidd af starfsmönnum sem þegar voru í störfum hjá sýslumönnum og var enginn „stafrænn leiðtogi“ ráðinn. Tíu starfsmenn, *Verkefnasýslan*, sinntu um sex stöðugildum í tvö ár til að umbreyta þjónustu sýslumanna.

Markmið sem sett voru í lok árs 2022 náðust í lok árs 2024 og var árangur framar vonum.

Þjónustuframboð stafrænna lausna hefur aukist til muna og stór hluti viðskiptavina nýtir nú stafrænar lausnir í stað heimsókna á starfsstöðvar. Viðskiptavinir fá hraðari og einfaldari þjónustu, sem hefur stuðlað að auknu trausti til sýslumannsembættanna og meiri ánægju með þjónustuna.

[1] Sjá bls. 251 í *Fjármálaáætlun 2023-2027*

Ný skipulagseining, *Verkefnasýslan*, var sett á laggirnar í lok árs 2022 til að hanna og móta ferli fyrir stafræna innleiðingu út frá þörfum viðskiptavina og innleiða í samstarfi við helstu haghafa og starfsmenn embættanna. Verkefnasýslan var skipuð tíu starfsmönnum, sem þegar gegndu ólíkum störfum hjá sýslumannsembættunum, en tóku á sig það hlutverk að gerast vörustjórar þvert á embættin. Sem vörustjórar báru þau ábyrgð á tilteknum málaflokkum og innleiðingu stafrænna lausna innan þess málaflokks. Skipulag *Verkefnasýslunnar* gengur þvert á núverandi stofnanaskipulag og er viðbót við þann sterka og faglega grunn sem þegar var til staðar í formi fagráða. Skipulagið var innleitt í lok árs 2022 og hefur nú þegar sannað gildi sitt með hraðari og meiri ávinningi í stafrænni vegferð. Samræmist slíkt fyrirkomulag vel framtíðarsýn dómsmálaráðherra frá árinu 2021.

Fagráð eru samstarfsnefndir sýslumannsembættanna sem starfa undir forystu Sýslumannaráðs og gera tillögur um hvaðeina sem orðið getur til framfara í samræmingarskyni fyrir embættin. Fagráð starfa í eftirtöldum málaflokkum: 1) Aðfarargerðir, 2) Nauðungarsölur, 3) Ökuskírteini, 4) Leyfamál (rekstrarleyfi veitinga- og gististaðstaða, meistarabréf o.fl.), 5) Dánarbúsmál, 6) Lögráðamál, 7) Fjölskyldumál og 8) Þinglýsingar.

Stafræn umbreyting í framkvæmd 2022-2024

Strax á árinu 2022 voru innleiddar yfir 30 nýjar stafrænar lausnir og 60% viðskiptavina nýttu sér útgefnar stafrænar þjónustur. Það ár tengdust sýslumenn Heklugátt Landlæknis til að undirbúa ferlið fyrir rafræn dánarbú og stafræna umsókn um stæðiskort.

Árin 2023 og 2024 einkenndust af mikilli og hraðri stafrænni umbreytingu. Kynningar til starfsmanna voru haldnar nær vikulega, þar sem farið var yfir nýjungar sem annaðhvort einfölduðu vinnuferla eða bættu aðgengi að upplýsingum. Sýslumenn tengdust fleiri stofnunum í gegnum vefþjónustur sem skiluðu nauðsynlegum gögnum sjálfvirkt, bæði til stuðnings viðskiptavinum í umsóknaferlum og fyrir innri vinnslu mála. Þessar tengingar náðu meðal annars til Skattsins, Samgöngustofu, Innheimtustofnunar sveitarfélaga, bálstofa, Ríkislögreglustjóra, Innheimtumenn ríkissjóðs, Fjársýslu ríkisins, dómstóla, Ríkissaksóknara og Þjóðskrár Íslands.

Á árinu 2023 var farið í útboð á hugbúnaðarþróun *Sýslunnar*, starfskerfi sýslumanna, til að ramma enn frekar inn nýja framtíðarsýn og aukna skilvirkni kerfanna. Það ár voru útgefnar yfir 70 stafrænar lausnir og átta nýir málaflokkar innleiddir í *Sýsluna*, sem áður voru handunnir í öðrum kerfum. Yfir 70% viðskiptavina nýttu sér útgefnar stafrænar þjónustur það árið.

Á árinu 2024 tengdust sýslumenn Tryggingastofnun ríkisins og Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun í gegnum vefþjónustur vegna dánarbús- og leyfamála. Yfir 120 stafrænar lausnir voru gefnar út og nýttu yfir 77% viðskiptavina sýslumanna útgefnar stafrænar þjónustur. Sjö nýir málaflokkar voru innleiddir í *Sýsluna* sem áður voru handunnir í öðrum forritum.

Í lok árs 2024 voru öll pdf eyðublöð komin í stafrænt umsóknarkerfi og stofnast nú mál vegna þeirra sjálfkrafa í kerfum sýslumanna í gegnum Ísland.is. Allir ferlar, sem lagt var upp með í byrjun, voru komnir í stafrænt ferli.

Í Grindavíkurverkefninu birtist með skýrum hætti hversu vel kerfi sýslumanna eru í stakk búin til að taka á móti nýjum og flóknum stafrænum þjónustum, svo ekki sé minnst á aukna færni meðlima *Verkefnasýslunnar* í innleiðingu nýrra starfrænna lausna. Með aukinni skilvirkni og skýrri vörustjórn tókst að búa til stafræna umsókn um kaup á íbúðarhúsnæði á einungis 10 dögum og fór hún strax í loftið án vandræða fyrir eigendur. Nokkrum vikum síðar gat *Sýslan* útbúið kaupsamning fyrir fasteign og sent í rafræna þinglýsingu. Þetta var í fyrsta skipti sem rafrænum kaupsamningi var þinglýst hér á landi. Þá voru afsöl útbúin á rafrænu formi og einnig send í rafræna þinglýsingu. Sjá nánar um Grindavíkurverkefnið í Viðauka II.

4.2 Mælingar á þjónustu og starfsánægju

Ríflega helmingur landsmanna nýtir sér þjónustu sýslumanna á hverju ári. Ánægja með þjónustuna hefur aukist hvað varðar þá málaflokka sem eru orðnir hvað mest stafrænir. Almenningur hefur tekið breytingum á þjónustunni vel og ánægja með stafrænar lausnir hefur aldrei verið meiri. Mynd 4.1 sýnir aukningu ánægju með þjónustu sýslumanna samkvæmt Gallup könnun. Hlutfall þeirra sem eru mjög ánægðir og frekar ánægðir hefur hækkað úr 54% í 67% á árunum 2019 til 2024.

Mynd 4.1 Ánægja með þjónustu sýslumanna. Gallup kannanir 2019-2024.

Mynd 4.2 sýnir traust sem viðskiptavinir bera til embætta sýslumanna. Hlutfall þeirra sem bera fullkomið traust og mikið traust til embættanna hefur hækkað úr 61% í 71% á árunum 2019 til 2024.

Mynd 4.2 Traust til sýslumanna. Gallup kannanir 2019-2024.

Samkvæmt niðurstöðum Þjóðarpúls Gallups fyrir árið 2024 eru sýslumenn meðal þeirra opinberu stofnana sem njóta mests trausts landsmanna (71%). Mesta traust nýtur Landhelgisgæsla Íslands (91%), næst kemur Háskóli Íslands (73%) og þar á eftir embætti forseta Íslands og sýslumenn, bæði með 71%.

Árleg könnun um starfsánægju meðal ríkisstofnanna, *Stofnun ársins*, sýnir hækkun á heildaránægju á árunum 2022–2023 en örlitla lækkun þegar líður á árið 2024. Það er ekki óeðlilegt þegar stórar breytingar eru innleiddar að þetta gerist. Í upphafi breytinga ríkir almennt bjartsýni um það sem framundan er, þ.e. ef starfsmenn telja breytingarnar eftirsóknarverðar. Stafræn umbreyting á þjónustum sýslumanna var innleidd með hraði og ekki óeðlilegt að slíkt geti skapað óöryggi meðal starfsfóks.

Á árinu 2024 varð talsverð fjölgun nýrra lausna, auknar áherslur á að starfsmenn tileinkuðu sér nýjar vinnuaðferðir og að þær væru festar í sessi í daglegum rekstri. Helsta verkefnið felst því ekki eingöngu í því að hrinda breytingum í framkvæmd, heldur einnig í því að tryggja að þær haldist sjálfbærar og að jákvæð

hvatning fylgi þeim áfram þegar verkefnin færast úr innleiðingu í fastan rekstur. Eins og gert er grein fyrir í kafla 2.2 afa orðið breytingar sem fela í sér setningu þegar starfandi sýslumanna yfir önnur embætti samhliða, að auki hefur ríkt óvissa vegna frumvarps um sameiningu embættanna.

Mynd 4.3 sýnir meðaltal á heildarniðurstöðum allra embættanna í könnuninni á árunum 2019-2024. Rétt er að nefna að niðurstöður embættanna eru að mörgu leyti ólíkar og er gert betur grein fyrir niðurstöðum hvers og eins embættis í Viðauka III.

Stofnun ársins	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Heildareinkunn	**3,91***	**4,00****	**4,00**	**4,01*****	**4,06**	**3,96**
Ímynd stofnunar	3,71	3,92	3,85	3,85	3,85	3,84
Ánægja og stolt	4,03	4,19	4,18	4,18	4,26	4,09
Starfsandi	4,16	4,23	4,23	4,24	4,29	4,18
Stjórnun	3,89	3,93	4,06	3,92	4,10	4,02
Sjálfstæði í starfi	4,27	4,26	4,26	4,28	4,28	4,18
Sveigjanleiki	4,30	4,36	4,31	4,22	4,41	4,27

Mynd 4.3 Heildaránægja embætta sýslumanna fyrir stofnun ársins, árin 2019-2024. Heimild: Sameyki.

**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum og á Austurlandi tóku ekki þátt í könnuninni árið 2019.*

***Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu og í Vestmannaeyjum tóku ekki þátt í könnuninni árið 2020.*

****Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum tók ekki þátt í könnuninni árið 2022.*

4.3 Árangur stafrænnar umbreytingar

Stafræn umbreyting hjá embættum sýslumanna hefur leitt til margvíslegs ávinnings, bæði fjárhagslegs og rekstrarlegs, sem og í upplifun viðskiptavina og starfsfólks. Árangurinn hefur verið mældur með fjölbreyttum aðferðum sem snúa annars vegar að beinum rekstrartölum og hins vegar að óbeinum mælikvörðum, svo sem þjónustunotkun, afköstum, starfsánægju og trausti.

Rekstrartölur sýna að fjárfesting í stafrænni þróun hefur skilað sér með afgerandi hætti. Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu hefur dregist verulega saman, meðal annars vegna aukins samreksturs og fækkunar kerfa, og innleiðingarkostnaður vegna hýsingar og tölvureksturs hefur þegar skilað sér að fullu til baka. Þrátt fyrir verðbólgu og almennar kostnaðarhækkanir hefur rekstur embættanna haldist innan fjárheimilda, sem endurspeglar styrk og sjálfbærni þeirra rekstrarforma sem stafræn vegferð hefur fært með sér.

Samhliða þessu hafa afköst embættanna aukist án þess að fjölga þurfi starfsfólki. Verkefnum hefur fjölgað, íbúum hefur fjölgað en fjöldi stöðugilda hefur haldist stöðugur. Eins og áður sagði voru engir nýir starfsmenn ráðnir vegna stafrænnar umbreytingar. Þess í stað hefur verið stuðst við hagræðingu, sjálfvirkni og sameiginlega innviði sem gera embættunum kleift að sinna fleiri málum með sama mannafla.

Viðsnúningur hefur einnig átt sér stað í upplifun bæði starfsfólks og viðskiptavina. Mælingar sýna að starfsánægja hefur aukist og fleiri starfsmenn en áður taka þátt í samstarfsverkefnum og sækja sér endurmenntun. Samhliða hafa landsmenn sýnt embættunum meira traust og aukna ánægju með þjónustuna.

Árangur stafrænnar umbreytingar

Eftirfarandi gefur vísbendingar um aukna framleiðni embættanna á árunum 2019 til 2024:

- Yfir 180.000 mál hafa verið stofnuð með stafrænum hætti.
- Sýslumenn hafa tengst yfir 17 stofnunum og fyrirtækjum til að auðvelda flæði gagna.
- Yfir 110 nýjar sjálfsafgreiðslur hafa verið innleiddar.
- Yfir 40 þúsund manns hafa sparað sér sporin með rafrænni undirritun.
- Yfir 160 þúsund skjöl hafa verið send í stafrænt pósthólf.
- Íbúum hefur fjölgað um 40.000 og fjölgun hefur orðið á verkefnum en störfum hefur ekki fjölgað.
- Engir starfsmenn voru ráðnir vegna stafrænnar umbreytingar á árunum 2023 og 2024.
- Landsmenn eru ánægðari með þjónustu sýslumanna og bera aukið traust til þeirra.
- Meiri starfsánægja er meðal starfsmanna embættanna og starfsmenn eru almennt stoltari en áður að vinna hjá sýslumönnum.
- Fleiri starfsmenn en áður sækja sér endurmenntun og taka þátt í verkefnum þvert á embættin.

5 Þjónusta sýslumanna

Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Þeir fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Að auki fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum. Verkefni sýslumanna eru fjölmörg og margvísleg. Starfsemi sýslumanna er fjölþætt og yfirgripsmikil og liggur í fjölmörgum kerfum og verkferlum sem starfsmenn sinna í sínum daglegu störfum. Á mynd 5.1 má sjá yfirlit yfir helstu kjarnamálaflokka og fjölmörgu verkefni sýslumanna. Gerð er grein fyrir sérverkefnum einstakra embætta í kafla 7.

Andlát og dánarbú

Andlátstilkynning
Eignalaus bú
Einkaskipti
Erfðafjárskattur
Fyrirframgreiddur arfur
Seta í óskiptu búi
Upplýsingar um dánarbú
Opinber skipti

Þinglýsingar, staðfestingar og skráningar

Þinglýsing skjala
Dagbókarfærslur
Rafrænar þinglýsingar
Skráning kaupmála
Staðfesting erfðaskrár
Staðfesting undirskriftar
Staðfesting á skipulagsskrám fyrir sjóði og stofnanir

Fjölskyldumál

Dagsektir
Faðerni
Forsjá
Hjónaskilnaðir
Hjónavígslur
Lögheimili
Sambúðarslit
Sáttameðferð
Sérstök framlög og menntunarframlög
Umgengni
Utanlandsferð barns

Lögráðamál

Eftirlit með lögráðamönnum
Lögráðamenn
Ráðsmenn
Ráðstafanir eigna ólögráða

Leyfi og löggildingar

Framleiðsla áfengis
Innflutningur áfengis
Heildsala áfengis
Sala áfengis
Sala áfengis á framleiðslustað
Brennuleyfi
Friðlýsing æðarvarpa
Líkbrennsluleyfi
Meistarabréf
Sinubrenna
Skemmtanaleyfi
Skoteldaleyfi
Tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi
Útgefin rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði

Gjöld og innheimta

Almenn innheimta

Fullnustugerðir

Afmáningarmál
Fjárnám
Innsetning
Kyrrsetning
Lögbann
Löggeymsla
Nauðungarsölur
Útburður
Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum

Skírteini, vegabréf og vottorð

Nafnskírteini
Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða
Sakavottorð
Vegabréf
Veðbókarvottorð
Ökuskírteini

Sérverkefni

Sáttameðferð og málefni barna á grundvelli barnalaga

Ættleiðingaleyfi

Nauðungarvistanir

Löggilding fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala

Skráning heimagistingar og eftirlit

Eftirlit með rekstarleyfisskyldum gististöðum

Réttindaskrá loftfara

Allsherjarskrá kaupmála

Gjafsóknarmála

Álagning og innheimta vanrækslugjalds

Rekstur skönnunarmiðstöðvar

Sektir og sakarkostnaður

Innheimta meðlags

Endurkröfur bóta sem ríkissjóður hefur greitt þolendum afbrota

Endurkröfur vegna gjafsóknarmála

Viðurkenning á starfsréttindum iðnaðarmanna innan EES

Innheimta fjallskilagjalda í Loðmundarfirði

Útgáfa happdrættisleyfa

Útgáfa leyfa vegna útfararþjónustu

Færsla bókhalds fyrir tíu íslensk sendiráð og sendiskrifstofur.

Útgáfa Lögbirtingablaðsins.

Leyfi fyrir opinberum fjársöfnunum

Eftirlit með spilakössum

Áfengisleyfi á framleiðslustað

Stofnun hjúskapar erlendis.

Löggilding skjalaþýðenda og dómtúlka

Auðkennahreinsun og birting úrskurða DMR á sviði fjölskyldumála

Rafræn útgáfa reglugerðasafns.

Könnun hjónavígsluskilyrða á landsvísu.

Viðurkenning á hjónavígslu erlendis.

Ákvarðanir um kvaðaarf

Endurkröfur vegna ofgreiðslna TR, VMS og HMS

Dagsektir Vinnueftirlits, Persónuverndar og Matvælastofnunar

Heimagisting stjórnvaldssektir

Bótagreiðslur til þolenda afbrota

Útgáfa leyfa til dreifingar á ösku látins manns utan kirkjugarðs

Skráning og eftirlit með skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum

Útgáfa leyfa til tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða í grafreit

Stefnubirtingar

Stjórnvaldssektir, févíti, dagsektir, sáttir og eftirlitsgjald Fjármálaeftirlits Seðlabanka

Sanngirnisbætur

Útgáfa leyfisbréfa til starfsréttinda héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna

Mynd 5.1 Kjarnamálaflokkar og sérverkefni sýslumanna.

Í dag er þjónusta, verklag og afgreiðsla mála ekki að öllu leyti samræmd milli embætta. Slíkt er ekki einsdæmi í íslenskri réttarframkvæmd en engu að síður atriði sem brýnt er að ráða bót á og mun aukin stafræn málsmeðferð stuðla að samræmdri framkvæmd milli embætta. Bæta þarf upplýsingatækni embættanna og tengingar *Sýslunnar*, bæði innbyrðis milli kerfishluta og út á við - við helstu samstarfsaðila og haghafa. Þar sem slíkar tengingar eru ekki fyrir hendi þurfa starfsmenn ítrekað að fara fram á sömu upplýsingar frá viðskiptavinum við afgreiðslu mismunandi mála og viðskiptavinir þurfa jafnvel að ferðast á milli stofnana til að útvega gögn svo unnt sé að afgreiða mál þeirra. Slíkt verklag ætti brátt að heyra sögunni til, enda vinna sýslumenn að því að tengja *Sýsluna* fleiri opinberum upplýsingaþjónustum. Samrýmist sú aðgerð markmiðum hins opinbera um *að flytja gögn en ekki fólk*. Í þarfagreiningu vegna *Sýslunnar* settu sýslumenn sér einnig markmið um *„aðeins eitt skipti“* (e. *The Once Only Principle*). Í markmiðinu er fólgið það hagræði fyrir viðskiptavini að þurfa einungis að auðkenna sig einu sinni og starfsmenn/kerfin sjá um að ná í nauðsynleg gögn óháð því um hvaða þjónustur eða lífsviðburði ræðir. Stuðla skal að því að unnt verði að afgreiða

fleiri mál og fyrirspurnir viðskiptavina við „fyrstu snertingu“ innan embættis og auka hlutfall þeirra mála sem hægt er að afgreiða í einni aðgerð, hvort sem viðskiptavinurinn leitar eftir þjónustunni stafrænt eða með því að koma á starfsstöð.

Í köflunum hér á eftir verður farið yfir þjónustu sýslumanna og stafræna innleiðingu hennar eftir málaflokkum.

5.1 Andlát og dánarbú

Sýslumenn hafa unnið markvisst að því að öll málsmeðferð í dánarbúsmálum geti orðið rafræn. Markmiðið með því er að gera aðstandendum og starfsmönnum unnt að sækja öll nauðsynleg gögn stafrænt í stað þess að þurfa að sendast á milli stofnanna í sama tilgangi. Í lok ferlis yrði svo hægt að fylla út stafræna erfðafjárskýrslu þar sem upplýsingar yrðu allar forskráðar, eignir og skuldir, líkt og í skattframtölum. Í lok árs 2024 náðist það markmið að stafvæða alla ferla í dánarbúsmálum þegar stafræn erfðafjárskýrsla fór í loftið.

Sýslumenn hafa nú tengst helstu haghöfum sínum til að geta sótt gögn og upplýsingar um dánarbú á rauntíma svipað og Skatturinn gerir varðandi skattframtöl. Nú fá sýslumenn sjálfkrafa upplýsingar um skattframtöl frá Skattinum, fasteignir (eignarhlutfall og fasteignamat) í eigu látins aðila frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, ökutækja-og loftfaraeign frá Samgöngustofu og skotvopnaeign þess látna frá Ríkislögreglustjóra, eigna- og skuldastöðu hjá Tryggingastofnun ríkisins ásamt meðlagsskuldum. Á árinu 2025 er stefnt að því að tengjast bönkum og öðrum fjármálastofnunum til að geta miðlað upplýsingum um stöðu eigna og skulda þess látna beint í dánarbúskerfi sýslumanna.

Á Íslandi stofnast um 2.300-3.000 dánarbúsmál á ári sem þýðir að allir þeir sem tengjast þeim geta nú sparað sér sporin sem reynast mörgum erfið eftir fráfall náins aðstandanda. Á árinu 2022 tengdust sýslumenn Heklugátt Landlæknis til að geta tekið á móti rafrænum dánarvottorðum. Þetta leiðir til þess að þegar læknir gefur út rafrænt dánarvottorð fer það sjálfkrafa og á sama tíma til sýslumanns, embættis landlæknis og Þjóðskrár. Aðstandendur látins einstaklings þurfa því ekki lengur að nálgast vottorðið á pappír á heilbrigðisstofnun og fara með það til sýslumanns. Sama á við um ferlin sem á eftir koma, aðstandendur geta útfyllt nauðsynleg gögn rafrænt.

Af heildarfjölda allra dánarbúsmála, sem stofnað var til á ári hverju 2019-2024, má sjá að málum hefur fjölgað en hafa ber í huga að íbúum fjölgaði einnig um 40 þúsund á tímabilinu. Yfir 90% dánarbúa stofnast nú með stafrænum hætti samanborið við 3% árið 2022 og 55% árið 2023.

Mynd 5.2 Ný stofnuð mál og lokin mál árin 2019-2024 og hlutfall þeirra sem stofnuð voru með stafrænum hætti, þ.e. með rafrænu dánarvottorði.

Dánarbú tekur við öllum fjárhagslegum réttindum sem látinn einstaklingur átti eða naut á dánardegi, nema annað leiði af lögum, samningum eða eðli réttindanna. Andlát skal tilkynnt og dánarbúi skipt í því umdæmi sem hinn látni átti lögheimili á dánardegi. Frá andláti og þar til skiptum hefur verið komið í farveg, þá er eftirlifandi maka veitt búsetuleyfi, erfingjum veitt leyfi til einkaskipta eða dánarbúið er tekið til opinberra skipta, er sá sýslumaður sem skiptin eiga undir einn bær um að ráðstafa hagsmunum dánarbúsins og svara fyrir skyldur þess. Á mynd 5.3 má sjá fjölda stofnaðra dánarbúsmála og hvernig staða þeirra var innan hvers árs.

Mynd 5.3 Fjöldi nýrra dánarbúsmála og hvernig málalok þeirra urðu árin 2019-2024.

Þrátt fyrir aukinn fjölda dánarbúsmála hefur málshraði lítið breyst og eru mál almennt afgreidd hraðar en áður. Á mynd 5.4 má sjá þróun í málshraða dánarbúsmála á árunum 2019 til 2024, þar sem borinn er saman dagafjöldi samkvæmt meðaltali annars vegar og miðgildi hins vegar.

Mynd 5.4 Dagafjöldi vegna afgreiðslu dánarbúsmála 2019-2024 mælt út frá meðaltali og miðgildi.

Meðaltal dagafjölda hefur haldist nokkuð stöðugt yfir tímabilið en miðgildið sýnir greinilega lækkun á sama tíma. Þessi þróun gefur til kynna að dánarbúsmál séu almennt afgreidd hraðar en áður, þar sem meiri hluti mála tekur nú styttri tíma í vinnslu.

5.2 Þinglýsingar, staðfestingar og skráningar

Með lögum nr. 151/2018, um breytingu á þinglýsingalögum, lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og lögum um aukatekjur ríkissjóðs, var stigið framfaraskref í átt að nútímavæddum stjórnsýsluháttum með lögfestingu rafrænna þinglýsinga. Í dag er þó unnið í tvöföldu kerfi, þinglýsinga skjala á pappír og rafrænna þinglýsingafærslna. Markmið stjórnvalda er að allar þinglýsingar verði rafrænar, á þann hátt þó, að unnt verði að senda allar þinglýsingarfærslur með rafrænum hætti, hvort sem afgreiðsla þeirra verður sjálfvirk eða unnin handvirk af þinglýsingarstjóra. Stefnt er að því að 80% allra þinglýsinga verði afgreiddar með sjálfvirkum hætti að hluta eða í heild, en einstakar færslur geta varðað stofnun réttar yfir fleiri en einu þinglýsingarandlagi.

Í upphafi verkefnisins var árlegur þjóðhagslegur ávinningur af rafrænum þinglýsingum metinn um 1,2 til 1,7 milljarðar króna, auk hagræðingar sem fólgin er í minni pappírsnotkun, færri bílferðum með tilheyrandi malbikssliti og auknum hraða í viðskiptum. Aðrar breytur í matinu eru handvirkt vinnuframlag starfsfólks sýslumanna, lánveitenda og fasteignasala og einföldun innanhússferla. Sem dæmi má nefna að áætlaður þjóðhagslegur ávinningur af hverju veðskuldabréfi sem þinglýst er rafrænt er yfir 7.000 krónur og rúmar 3.000 krónur fyrir hverja rafræna aflýsingu. Við rafræna aflýsingu sendir fjármálastofnun rafræna færslu í vefþjónustu þinglýsinga í stað pappírs sem sendur er í bréfpósti til viðeigandi sýslumannsembætta. Eftir sem áður hvílir sú skylda á kröfuhafa að árita viðskiptabréf um breytingar á skilmálum eða aflýsingu.

Sýslumenn hafa, eðli máls samkvæmt, gegnt virku hlutverki frá upphafi verkefnisins og átt fulltrúa í stýrihópi og framkvæmdaráði verkefnisins, auk þess sem vörustjóri rafrænna þinglýsinga hjá sýslumönnum tekur þátt í prófunum og þróun þjónustunnar. Fagráð þinglýsinga hefur unnið greiningar á nauðsynlegri virkni vefþjónustna einstakra skjaltegunda, þar sem kortlagðar hafa verið athuganir sem framkvæmdar eru við þinglýsingu hverrar skjaltegundar. Áætlað er að vinnuframlag sýslumannsembættanna hafi numið a.m.k. 1,5 stöðugildi á mánuði yfir innleiðingartímann.

Verkefnið hefur þróast jafnt og þétt frá árinu 2020, en þá voru rafrænar aflýsingar fyrst gefnar út í raunumhverfi og þjónustan virkjuð fyrir fjármálastofnanir. Innleiðingin felst í því að hver og ein skjaltegund er innleidd sérstaklega og ákvæði reglugerðar um rafrænar þinglýsingar uppfærð samhliða. Árið 2021 var veðskjölum fyrst þinglýst rafrænt og hönnuð var og innleidd sérstök vefþjónusta vegna skilmálabreytinga tengdum heimsfaraldri kórónuveirunnar. Árið 2022 var fyrsta veðskjali á fasteign þinglýst rafrænt og rafræn þinglýsing kröfuhafaskipta sömuleiðis gerð möguleg sem og rafræn þinglýsing skuldskeytinga. Árið 2023 náðust fjölmargir áfangar, meðal annars fyrsta rafrænt þinglýsta afsalið, fjárnámið og tryggingarbréfið og vefþjónusta kaupsamninga gerð aðgengileg til tengingar. Á árinu 2024 hófust rafrænar þinglýsingar kaupsamninga, en stærstur hluti þeirra var af hálfu fasteignafélagsins Þórkötlu vegna uppkaupa íbúðarhúsnæðis í Grindavík.

Rafrænum þinglýsingafærslum hefur fjölgað samhliða fjölgun skjaltegunda sem mögulegt er að þinglýsa rafrænt, en þrátt fyrir það fer ennþá mikill meirihluti þinglýsinga fram á pappír. Rafrænar aflýsingar hafa aukist mikið á undanförnum árum, enda mikið hagræði í þeim fólgið fyrir alla hlutaðeigandi. Nú fara tæplega 80% allra aflýsinga fram með rafrænum hætti. Að sama skapi má segja að nú hafi verið gefnar út vefþjónustur fyrir allar algengustu tegundir þinglýsingarskjala.

Hlutfall þeirra af heildarþinglýsingum næði tæpum 80% væri það svo að engin skjöl af umræddum skjaltegundum bærust á pappír heldur væri þeim öllum þinglýst rafrænt. Ljóst má þó vera að enn er töluvert langt í land svo slíkt hlutfall raungerist. Rafrænar þinglýsingar munu skila miklum þjóðhagslegum ávinningi. Eiigi væntur ávinningur að raungerast, er þó nauðsynlegt að tryggja breiðari þátttöku og notkun helstu aðilja á markaði sem og hins opinbera.

Á mynd 5.5 sést fjöldi þeirra skjala sem móttekinn var til þinglýsingar og fjöldi skjala sem þinglýst hefur verið að aflokinni dagbókarfærslu.

Mynd 5.5 móttekin og þinglýst skjöl 2019-2024, fjöldi í þús.

Fjöldi þinglýsingafærslna er meiri en fjöldi móttekinna skjala, þar sem skjal getur innihaldið yfirfærslu eða stofnun réttinda yfir fleiri en einni eign. Ekki er öllum skjölum sem berast til þinglýsingar þinglýst þar sem einhver hluti þeirra uppfyllir ekki kröfur þinglýsingalaga nr. 39/1978 og er þá vísað frá, ýmist frá dagbók eða þinglýsingu. Að sama skapi gefur myndin yfirlit yfir fjölda aflýsingarfærslna, bæði rafrænna og á pappír. Að auki getur að líta fjölda rafrænna þinglýsingarfærslna, sem þinglýst hefur verið án þess að þurft hafi aðkomu þinglýsingarstjóra (sjálfvirk þinglýsing) og fjöldi handvirkra þinglýsingarfærslna, þar sem rafræn færsla hefur lent í handvirkri vinnslu þinglýsingarstjóra, til dæmis vegna þess að á eignum hafa verið skráðar kvaðir, sem gæta þarf að að tekið sé tillit til, áður en færslunni er þinglýst. Athygli vekur hversu lágt hlutfall rafrænna þinglýsingarfærslna hafnar í handvirkri vinnslu en einna helst má leita skýringa í því að þau skjöl sem innleidd hafa verið í vefþjónustur rafænnra þinglýsinga eru fremur einföld að gerð og framkvæmd, t.a.m. veðskuldabréf á ökutæki og fasteignir. Gera má ráð fyrir að flækjustig aukist og hlutfall handvirkra vinnslna hækki við aukna notkun vefþjónustna kaupsamninga og innleiðingar annarra flóknari skjala og hlutfallið færist því nær upphaflegu markmiði um 80% sjálfvirkni rafrænna þinglýsingarfærslna.

Til lögbókendagerða teljist meðal annars staðfestingar erfðaskráa og undirskrifta á skjöl. Lögbókendagerðum hefur fækkað nokkuð á tímabilinu eða úr 7.162 árið 2019 í 5.139 árið 2024.

Mynd 5.6. Fjöldi lögbókendagerða 2019-2024.

5.3 Fjölskyldumál

Af heildarfjölda allra fjölskyldumála, sem stofnað var til á ári hverju 2019-2024, má sjá að málum fækkaði á tímum heimsfaraldurs COVID-19 en áhrifa hans í samfélaginu gætti hve mest árin 2020 og 2021. Brugðist var við samkomutakmörkunum meðal annars með því að veita sýslumönnum heimild til að taka mál fyrir með fjarfundartækni. Auk þeirrar heimildar var málsmeðferð ýmissa fjölskyldumála hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu falin öðrum embættum sýslumanna til að dreifa álagi.

Stafræn þjónusta sýslumanna í fjölskyldumálum hófst árið 2020 með útgáfu 50 PDF-eyðublaða og hefur síðan þá þróast hratt. Í september 2021 fór fyrsta stafræna ferlið í loftið – breyting á lögheimili barns með rafrænum samningi sem foreldrar undirrita hvort í sínu lagi. Ferlið er að fullu stafrænt og staðfesting berst í pósthólf á Ísland.is. Árið 2023 urðu beiðnir um úrskurð um einfalt meðlag og umgengni stafrænar, sem og beiðni um breytingu á forsjá. Í október var umsóknarferli um skilnað og lögskilnað gert stafrænt með rafrænni undirritun og möguleika á að skila öllum gögnum rafrænt.

Í upphafi árs 2024 voru stafrænir samningar foreldra um meðlag, forsjá og umgengni settir í loftið, þar sem báðir foreldrar undirrita rafrænt áður en málið fer í meðferð. Þá urðu einnig stafrænar beiðnir meðal annars um breytt lögheimili barns, dagsektir, framlag vegna menntunar/starfsþjálfunar, niðurfellingu aukins meðlags og sérstakt framlag skv. lögum um almannatryggingar og barnalögum aðgengilegar. Gögn eru sótt sjálfkrafa frá stofnunum og ekki lengur krafist skattframtala eða staðgreiðsluyfirlita. Auk þess fór í loftið stafræn beiðni um úrskurð vegna utanlandsferða, niðurfellingu réttaráhrifa skilnaðar, staðfestingu á forsjá stjúpforeldris og tilkynning um brottfall skiptrar búsetu.

Í lok árs 2024 var orðið mögulegt að hafa nánast alla málsmeðferð í fjölskyldumálum stafræna, þar með taldar umsóknir, samningar, greinargerðir og fyrirtökur. Öll 50 upphaflegu PDF-eyðublöðin hafa verið sett í stafræn ferli sem tengjast helstu stofnunum í gegnum vefþjónustur, án þess að umsækjendur þurfi að fara milli stofnana.

Notkun stafrænna lausna árið 2024 var á bilinu 33–94% og sífellt fleiri kjósa stafræna þjónustu fram yfir að mæta á skrifstofu.

Mynd 5.7 sýnir heildarfjölda stofnaðra eftirfarandi fjölskyldumála við öll sýslumannsembættin: Hjónaskilnaðir, hjónavígslur og könnun hjónavígsluskilyrða, mál vegna sambúðarslita, mál um faðerni, forsjá, lögheimili, meðlagsmál, mál vegna sérstaks framlags skv. barnalögum og sérstaks framlags skv. lögum um almannatryggingar, mál að frumkvæði barna, menntunarframlagsmál, umgengnismál, utanlandsferðarmál og dagsektamál.

Mynd 5.7 Fjöldi stofnaðra fjölskyldumála og þeirra sem var lokið á árunum 2019-2024 og hlutfall þeirra sem stofnað var til með stafrænum hætti.

Á tímabilinu kom inn ný málstegund er varðar skipta búsetu barna og tilfærslu könnunar hjónavígsluskilyrða frá forstöðumönnum trúfélaga til sýslumanna en embætti sýslumannsins í Vestmannaeyjum sinnir verkefninu á landsvísu. Tilfærsla könnunar hjónavígsluskilyrða skýrir að meginhluta aukningu á fjölda mála sem varð milli áranna 2022 og 2023.

Þann 1. janúar 2022 tóku gildi lög nr. 28/2021 um breytingar á barnalögum nr. 76/2003, sem gera foreldrum kleift að semja um skipta búsetu barna við tilteknar aðstæður. Einnig var með lögunum breytt reglum um framfærslu og meðlag, um forsendur samninga um umgengni og forsjá, auk þess sem ákvæði kom inn um heimild barns til að fara fram á samtal foreldra meðal annars um búsetu og umgengni. Síðan þá og til ársloka 2024 hafa verið stofnuð 624 mál um skipta búsetu barna, þar af hafa 516 þeirra verið samþykkt með samningi, 108 verið hafnað eða felld niður eða hlotið önnur málalok.

Með lögum nr. 40/2022 voru gerðar breytingar á hjúskaparlögum sem fólu meðal annars í sér að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra annist einir könnun hjónavígsluskilyrða. Breytingarnar tóku gildi 1. september 2022 og þar með hættu prestar og forstöðumenn trú- og lífsskoðunarfélaga að annast könnunina. Með breytingarreglugerð nr. 987/2022 var sýslumanninum í Vestmannaeyjum og löglærðum fulltrúum embættisins falið að annast könnun hjónavígsluskilyrða á landsvísu frá sömu dagsetningu. Á mynd 5.8 má sjá fjölda útgefinna könnunarvottorða allra embætta sýslumanna 2019-2024.

Mynd 5.8 Fjöldi útgefinna könnunarvottorða frá 2019 til 2024.

Könnun hjónavígsluskilyrða og hjónavígslur erlendra ríkisborgara, sem ferðast gagngert til landsins til að ganga í hjónaband, hefur færst mikið í vöxt síðastliðin ár. Þessa fjölgun mála má ekki einungis rekja til ferðamanna heldur líka til erlendra ríkisborgara sem óskað hafa eftir dvalarleyfi á Íslandi. Fátítt er að synjað sé um útgáfu könnunarvottorðs en slíkar synjanir hafa verið á bilinu tvær til átta undanfarin ár. Hins vegar er nokkuð algengt að mál séu afturkölluð eða þau niðurfelld ef málsaðilar sinna ekki framlagningu gagna eða geta ekki lagt fram umbeðin gögn. Á mynd 5.9 má sjá þróun á fjölda könnunar- og hjónavígslumála hjá sýslumönnum en þar sést að fækkun ferðamanna vegna heimsfaraldurs COVID-19 hefur haft talsverð áhrif á málafjölda.

Mynd 5.9 Fjöldi könnunar- og hjónavígslumála hjá sýslumönnum á árunum 2019-2024. Liðurinn „Hjónavígslur og könnunarvottorð“ var aðskilinn 2023.

Á mynd 5.10 má sjá samanlagðan fjölda þeirra mála sem stofnað var til hjá sýslumönnum vegna umgengni og hvernig staða þeirra var í lok hvers árs. Fram kemur hve mörg mál sem stofnað var til voru ýmist afturkölluð af málshefjanda eða niðurfelld af sýslumanni.

Ef til ágreinings kemur í málum er varða börn, svo sem umgengni, forsjá eða lögheimili, þurfa foreldrar að undirgangast sáttameðferð skv. 1. mgr. 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003. Í fjölda mála þar sem lögð er fram beiðni um úrskurð um umgengni næst samkomulag undir málsmeðferð og málinu lýkur því með samningi um umgengni sem hægt er að óska staðfestingar sýslumanns á. Önnur málalok geta verið frávísun máls, synjun um úrlausn o.fl.

Mynd 5.10 Samanlagður fjöldi mála sem stofnað var til hjá sýslumönnum vegna umgengni og málalok þeirra árin 2019-2024.

Umgengni við barn samkvæmt úrskurði, dómi, dómsátt foreldra eða staðfestum samningi um umgengni verður þvinguð fram með dagsektum ef umgengni er tálmað sbr. 1. mgr. 48 gr. barnalaga. Á mynd 5.11 gefur að líta súlurit sem sýnir fjölda þeirra dagsektamála sem stofnað var til á ári hverju, hve mörg mál voru afturkölluð, niðurfelld eða lauk með öðrun hætti og hversu mörgum lauk með úrskurði um að leggja á dagsektir eða hafna álagningu.

Mynd 5.11 Fjölda þeirra dagsektamála sem stofnað var til á árunum 2019-2024 og málalok þeirra mála sem var lokið.

Skylt er foreldrum að undirgangast sáttameðferð, eins og við meðferð umgengnismála, áður en krafist er úrskurðar um álagningu dagsekta. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er með það sérverkefni að veita sáttameðferð og þjónustu sérfræðinga í málefnum barna skv. barnalögum. Ágreiningsmál vegna barna sem heyra undir aðra sýslumenn fara því einnig til meðferðar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, þegar þörf er á sáttameðferð eða liðsinni sérfræðinga í málefnum barna.

Ef til ágreinings kemur í málum er varða börn, svo sem vegna umgengni, forjsár eða lögheimilis, er foreldrum skylt að undirgangast sáttameðferð skv. 1. mgr. 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003. Á mynd 5.12 má sjá fjölda þeirra mála sem fóru í sáttameðferð.

Mynd 5.12 Fjöldi þeirra mála sem fóru í sáttameðferð árin 2019-2024.

Mynd 5.13 sýnir þróun á dagafjölda sem það tekur að afgreiða fjölskyldumál, annars vegar miðað við meðaltal og hins vegar miðað við miðgildi.

Mynd 5.13 Dagafjöldi vegna afgreiðslu fjölskyldumála 2019-2024 mælt út frá meðaltali og miðgildi.

Málsmeðferðartími fjölskyldumála hefur minnkað á síðustu árum þrátt fyrir aukningu mála. Á árunum 2019 og 2020 var eingöngu unnið með handskráðar umsóknir, þar sem einstaklingar þurftu að mæta á skrifstofur sýslumanna og veita upplýsingar í eigin persónu. Þetta fyrirkomulag skilaði sér í tiltölulega háum tölum bæði hvað varðar meðaltal og sérstaklega miðgildi dagafjölda. Það bendir til þess að þó flest mál hafi verið afgreidd á svipuðum tíma, hafi hluti mála tekið mjög langan tíma í vinnslu, sem dregur miðgildið upp.

Frá og með árinu 2021 voru teknar í notkun stafrænar lausnir, sem höfðu veruleg áhrif á málsmeðferðartíma. Bæði meðaltal og miðgildi dagafjölda lækkuðu, sem gefur til kynna að vinnslan hafi orðið markvissari, málin tekið almennt skemmri tíma og dreifing afgreiðslutíma jafnari. Þetta kemur sérstaklega fram árin 2021 og 2022, þar sem miðgildi dagafjölda er í lágmarki.

Á síðari hluta tímabilsins, einkum árin 2023 til 2024, má aftur sjá hækkun á bæði meðaltali og miðgildi dagafjölda. Þessa þróun má að hluta rekja til þess að sáttameðferðum hefur fjölgað, sem getur lengt málsmeðferð, auk þess sem fjölgun erlendra ríkisborgara í málum hefur skapað ákveðnar áskoranir, meðal annars vegna tungumálaörðugleika eða vandkvæða við að hafa uppi á viðkomandi. Slík tilvik eru einkum algeng í faðernismálum, þar sem viðkomandi einstaklingar hafa í sumum tilfellum flust af landi brott, sem getur tafið afgreiðslu málsins verulega.

5.4 Leyfisveitingar

Helstu tegundir leyfa sem sýslumenn veita eru rekstrarleyfi veitinga- og gististaða, tækifærisleyfi, meistarabréf, brennuleyfi, leyfi til framleiðslu, heildsölu og innflutnings áfengis, leyfi til sölu notaðra ökutækja, friðlýsing æðarvarps, happdrættisleyfi o.fl. Með lögum nr. 19/2020, sem tóku gildi þann 16. mars 2020, um breytingu á ýmsum lögum varðandi leyfisveitingar (einföldun regluverks), voru leyfi til sölu notaðra ökutækja og iðnaðarleyfi afnumin og hefur því ekki verið

unnt að sækja um slík leyfi frá þeim tíma til sýslumanna. Að auki er umsjón með útgáfu ýmissa annarra leyfa sérverkefni tiltekinna sýslumanna, sbr. ítarlega umfjöllun um sérverkefni sýslumanna í kafla 7.

Flestar leyfisveitingar hjá sýslumönnum eru orðnar rafrænar og birtast listar sjálfkrafa um útgefin réttindi á vef sýslumanna á Ísland.is. Það var í mars 2021 sem iðnaðarmenn gátu fyrst sótt um meistarabréf sitt með stafrænum hætti auk þess sem leiðbeinandi meistari gat gefið vottorð um vinnutíma með sama hætti. Í maí sama ár voru innleiddar stafrænar umsóknir fyrir leyfi til reksturs gististaða og veitingastaða sem og tækifærisleyfi. Í júní sama ár bættust við stafrænar umsóknir um málflutningsleyfi fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti ásamt tilkynningu um innlögn lögmannsréttinda sem og birtist listi yfir útgefin réttindi á vef sýslumanna. Í sama mánuði urðu allar umsóknir um áfengisleyfi stafrænar þ.e. leyfi til framleiðslu áfengis, leyfi til innflutnings áfengis og leyfi til heildsölu áfengis.

Í október 2021 voru innleiddar stafrænar umsóknir til löggildingar fasteigna- og skipasala en þá gátu umsækjendur greitt fyrir leyfisgjald í umsóknarferlinu. Jafnframt var unnt að sækja sjálfvirkt búsforræðisvottorð en áður þurftu aðilar að sækja það sjálfir til viðeigandi héraðsdómstóls. Auk þess var sakavottorðs aflað með sjálfvirkum hætti í gegnum stafræna umsókn. Loks var stafræna umsóknarferlið bætt þannig að fylgiskjöl kröfðust ekki lengur undirritunar eða útprentunar og umsækjendur gátu beðið um endurnýjun með stafrænum hætti.

Í kjölfar laga um breytingu á áfengislögum nr.75/1998, þar sem samþykkt var að framleiðendum áfengis hérlendis væri heimilt að selja í smásölu áfengi sem framleitt er á viðkomandi framleiðslustað, gáfu sýslumenn út stafræna umsókn um sölu áfengis á framleiðslustað í júlí 2022. Þá var það í október sama ár að prókúruhafar fyrirtækja gátu sótt skuldleysisvottorð fyrir fyrirtækið sitt stafrænt. Loks í nóvember sama ár var innleidd stafræn umsókn um brennuleyfi og ferlið fyrir umsækjanda einfaldað ásamt því að birta lista yfir fasteigna- og skipasala og lögmenn á vef sýslumanna þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um starfsstöð starfandi fasteigna- og skipasala sem og tegund réttinda hjá starfandi lögmönnum.

Í byrjun árs 2023 var stafræn umsókn vegna gisti- og veitingastaðaleyfa endurbætt þar sem tíu umsóknir voru sameinaðar í eina. Þannig var umsækjendum gert auðveldara að aðgreina gestafjölda eftir rýmum og tilgreina hvort um væri að ræða gisti- eða veitingastaðarými. Einnig var viðmót fyrir lögaðila sem sækja um rekstrarleyfi o.fl. bætt. Þá var stafræn umsókn um happdrættisleyfi sett í loftið ásamt því að birta lista yfir áfengis- og tækifærisleyfi á vef sýslumanna.

Á árinu 2024 var listi yfir meistarabréf og starfsréttindi iðnaðarmanna með menntun erlendis frá birtur á vef sýslumanna en iðnaðarmenn, sem hyggjast vinna við iðngrein sína á Íslandi, þurfa að fá menntun sína viðurkennda hér á landi og iðnréttindi staðfest. Stafræn umsókn um leyfi fyrir opinbera fjársöfnun fór einnig í loftið. Í nóvember 2024 var útgáfa sveinsbréfa færð til embættis sýslumannsins á Suðurlandi vegna breytinga á lögum nr. 42/1978 um handiðnað sem hafði það að markmiði að draga úr leyfisbréfaútgáfu í miðlægri stjórnsýslu hins opinbera. Listi yfir sveina með starfsréttindi var í kjölfarið birtur á vef sýslumanna.

Á mynd 5.14 sést fjöldi útgefinna leyfa skv. lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum. Verkefni tengd eftirliti með gististöðum teljast til sérverkefna Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og er um mjög umsvifamikinn málaflokk að ræða. Í sinni einföldustu mynd mætti skipta málaflokknum í fernt; Skráningu og endurnýjun heimagistingar, skil nýtingaryfirlita, eftirlit með heimagistingu og eftirlit með rekstrarleyfisskyldri gististarfsemi. Með lögum nr. 67/2016, sem tóku gildi 1. janúar 2017, voru meðal annars gerðar þær breytingar á lögum nr. 85/2007 að gististaður í flokki I var ekki lengur

rekstrarleyfisskyldur heldur skráningarskyldur sem heimagisting. Jafnframt voru veitingastaðir í flokki I ekki lengur rekstrarleyfisskyldir en eftir sem áður starfsleyfisskyldir hjá heilbrigðiseftirliti. Það mátti merkja strax eftir umræddar breytingar fækkun á umsóknum um rekstrarleyfi en fækkun umsókna náði hámarki árið 2021 þar sem einungis bárust í kringum 570 umsóknir um rekstrarleyfi. Þá má merkja verulega aukningu í fjölda umsókna í lok umrædds tímabils en árið 2022 bárust í kringum 700 umsóknir um rekstrarleyfi. Auk þess er vert að athuga tölur yfir synjanir umsókna um rekstrarleyfi en alla jafna er meðferð slíkra mála umfangsmeiri en þeirra mála sem fara í útgáfu. Þá fara slík mál ekki í synjunarferli fyrr en ári síðar eða jafnvel seinna. Þannig er vert að athuga að miðað við umsóknir um rekstrarleyfi mótteknar á árunum 2015-2022 hafa vel yfir 600 endað með synjun umsóknar. Eins og myndin sýnir sækja flestir um leyfi hjá sýslumönnum með stafrænum hætti í stað þess að mæta á skrifstofur sýslumanna eða í um 80% tilfella í lok árs 2024.

Mynd 5.14. Fjöldi utgefinna rekstrar- og tækifærisleyfa á árunum 2019-2024 og hlutfall mála sem stofnað var til með stafrænum hætti.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur haft eftirlit með skráðum og skráningarskyldum aðilum sem bjóða upp á heimagistingu frá áðurnefndri lagabreytingu sem tók gildi 1. janúar 2017. Frá þeim tíma hefur sýslumaður meðal annars haft heimild skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til að leggja stjórnvaldssekt á hvern þann sem rekur heimagistingu án skráningar. Með lögum nr. 83/2019 til breytinga á lögum nr. 85/2007, sem tóku gildi 6. júlí 2019, var sýslumönnum að auki falin heimild til að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem rekur leyfisskylda gististarfsemi án tilskilins rekstrarleyfis. Með reglugerð nr. 776/2019 um breytingu á reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, sem tók gildi þann 10. september 2019, var Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu falið að annast þessar ákvarðanir á landsvísu.

5.5 Vegabréf

Sýslumenn annast umsóknir um vegabréf innanlands, sbr. 2. gr. laga nr. 136/1998 um vegabréf. Talsverð fækkun var á útgáfu vegabréfa sökum heimsfaraldurs eins og sjá má á mynd 5.15. í október 2023 opnuðu sýslumenn og Þjóðskrá Íslands í samstarfi við Ísland.is fyrir forskráningar og greiðslu fyrir vegabréfsumsóknir á Ísland.is. Þá geta umsækjendur forskráð sig eða barn undir sinni forsjá á vefnum og velja afhendingarstað vegabréfs. Að því loknu geta þeir mætt til sýslumanns á opnunartíma til myndatöku, undirritunar og fingrafaraskráningar. Eftir forskráningu dugar að annar forsjáraðili mæti með barn í myndatöku, sem hægt er að framkvæma hjá hvaða sýslumanni sem er, óháð búsetu. Um 25% umsækjenda sóttu um með stafrænni forskráningu fyrstu mánuðina eftir að umsókn fór í loftið. Nýtingin í lok árs 2024 var komin upp í um 45% yfir árið eða um 28 þúsund manns sem nýttu sér stafræna forskráningu. Á mynd 5.15 má sjá fjölda þeirra umsókna um vegabréf sem sýslumenn móttóku og hlutfall þeirra sem nýttu sér stafræna forskráningu.

Mynd 5.15. Umsóknir um vegabréf á árunum 2019-2024 og hlutfall þeirra sem nýttu sér stafræna forskráningu.

5.6 Ökuskírteini

Sýslumenn annast útgáfu ökuskírteina í umboði Ríkislögreglustjóra, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskírteini.

Stefnt er að því að allt ferlið er varðar ökuréttindi verði rafrænt, frá umsókn til pöntunar á skírteini. Í október 2021 varð unnt að sækja stafrænt um fullnaðarskírteini og ökukennari gat þá einnig staðfest akstursmat rafrænt. Rafræn umsókn um námsheimild og fyrsta ökuskírteini var opnuð í júní 2022 og í desember 2022 var stórum áfanga náð í stafvæðingu ökunáms með virkjun stafrænnar ökunámsbókar Samgöngustofu. Þá gafst ökukennurum kostur á að staðfesta verklega ökutíma fyrir almenn ökuréttindi með rafrænum hætti í gegnum Ísland.is. Stafræn ökunámsbók er liður í stóru samstarfsverkefni innviðaráðuneytisins, Samgöngustofu, sýslumanna, Ríkislögreglustjóra og Stafræns Íslands um stafrænt ökunámsferli.

Á árinu 2023 voru allir ferlar sem sneru að ökunemum, ökukennurum og ökuskólum vegna umsóknar um ökunám orðnir stafrænir og pappírsumsóknum að mestu hætt. Á árinu 2024 var svo hægt að sækja um bráðabirgðaökuskírteini, ökuskírteini fyrir 65 ára og eldri, umsókn á BE (eftirvagn) og samrit með stafrænum hætti. Notkun stafrænna umsókna er misgóð, flestir sem sækja um fullnaðarskírteini og bráðabirgðaökuskírteini gera það með stafrænum hætti en heldur færri vegna endurnýjunar ökuskírteina 65 ára og eldri (7%) en sýslumenn eru nú að skoða ásamt embætti Landlæknis og Ríkislögreglustjóra hvor hægt sé að bæta það ferli gagnvart umsækjendum.

Á mynd 5.16 má sjá útgefin bráðabirgða- og fullnaðarskírteini á árunum 2019 til 2024.

Mynd 5.16 Útgefin ökuskírteini á árunum 2019-2024.

5.7 Stæðiskort

Sýslumenn annast móttöku á umsóknum um P-kort (stæðiskort fyrir hreyfihamlaða) og annast útgáfu þeirra, sbr. reglugerð nr. 1130/2016 um útgáfu og notkun stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða. Eins og sjá má á mynd 5.17 hefur fjöldi útgefinna stæðiskorta aukist talsvert undanfarin ár. Ýmsar ástæður geta legið að baki þessarar aukningar, sem dæmi má nefna aukna upplýsingagjöf, áherslu á réttindi fatlaðra á Íslandi og fjölgun eldri borgara, aukinn íbúafjölda og bætt umsóknarferli og aðgengi með notkun stafrænna lausna.

Mynd 5.17 Útgefin stæðiskort á árunum 2019-2024 og hlutfall þeirra sem sóttu um stæðiskort með stafrænum hætti.

Í mars 2022 varð umsóknarferlið fyrir stæðiskort hreyfihamlaðra að fullu stafrænt og unnt að fá kortin send heim með pósti eftir þrjá til fimm virka daga. Umsóknin sækir sjálfkrafa upplýsingar úr vottorði læknis, sem hefur metið skilyrði til útgáfu stæðiskorts. Einnig er sótt rafrænt mynd úr ökuskírteinaskrá Ríkislögreglustjóra, en umsækjendum gefst líka kostur á því að hlaða upp mynd kjósi þeir það. Þurfa hreyfihamlaðir einstaklingar því ekki lengur að koma á skrifstofur sýslumanna til að sækja sér stæðiskort. Í október 2022 var bætt við lausnina að forsjár- og umboðsaðilar geti sótt um stæðiskort fyrir barn undir 18 ára aldri eða sinn skjólstæðing, með sínum rafrænu skilríkjum. Í lok árs 2022 höfðu um 22% nýtt sér stafrænu lausnina en það hlutfall var komið upp í 44% í lok árs 2024.

5.8 Sakavottorð

Mikil aukning hefur verið á útgáfu sakavottorða undanfarin ár og hefur aukist enn frá því að opnað var fyrir stafrænar umsóknir. Árið 2019 voru gefin út 9.879 sakavottorð en árið 2024 vor gefin út alls 16.717, sem er um 70% aukning á fjögurra ára tímabili. Undir lok ársins 2024 voru um 90% vottorða sótt stafrænt, sem hefur í för með sér gríðarlegan tímasparnað fyrir almenning og starfsmenn sýslumanna.

Mynd 5.18 Útgefin sakavottorð á árunum 2020-2024 og hlutfall þeirra sem sóttu um sakavottorð með stafrænum hætti.

Árið 2020 varð mögulegt að sækja rafrænt um sakavottorð á Ísland.is, en þar með gat umsækjandi greitt fyrir vottorðið sem kom svo rafrænt inn á pósthólf umsækjanda á Ísland.is. Í fyrstu voru stafræn sakavottorð háð stöðu í sakaskrá og einungis gefin út á íslensku, en í janúar 2022 kom út ný og endurbætt útgáfa stafrænna sakavottorða á íslensku og ensku og óháð stöðu í sakaskrá. Ferlið frá umsókn til afhendingar sakavottorðs er því alfarið komið í sjálfsafgreiðslu, fyrir þá sem þess óska. Umsóknin er tengd við *Sýsluna* og geta starfsmenn því fylgst með og veitt þjónustu ef þess þarf. Flestir sem sækja um sakarvottorð gera það með stafrænum hætti í stað þess að mæta á skrifstofur sýslumanna eða um 88% þannig spöruðu því um 15 þúsund manns sér sporin árið 2024.

5.9 Veðbókarvottorð

Í apríl 2022 urðu veðbókarvottorð fasteigna stafræn og hægt að sækja þau í gegnum stafræna umsókn á Ísland.is hvenær sem er sólarhrings. Ferlið frá umsókn til afhendingar veðbókarvottorðs er því alfarið komið í sjálfsafgreiðslu þar sem vottorðið verður samstundis aðgengilegt í lokaskrefi umsóknarferlis og einnig í stafrænu pósthólfi umsækjanda á Ísland.is. Á árinu 2024 voru 4.570 veðbókarvottorð gefin út samanborið við um 3.612 árið 2023 og 3.900 árið 2022.

Mynd 5.19 Útgefin veðbókarvottorð á árunum 2022-2024 og hlutfall þeirra sem sóttu um veðbókarvottorð með stafrænum hætti.

5.10 Fullnustugerðir

Til fullnustugerða teljast nauðungarsölur, fjárnám, innsetningar, útburðir, kyrrsetningar, lögbann og löggeymsla. Á meðan heimsfaraldur COVID-19 stóð voru samþykktar breytingar á lögum og reglugerðum sem fólu í sér tilslakanir á innheimtuaðgerðum ríkissjóðs. Úrræðin voru margvísleg og sneru meðal annars að frestun gjalddaga, niðurfellingu álags og hækkun lágmarksviðmiða innheimtumanna ríkissjóðs fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti lögaðila. Þá voru á tímabili ekki lagðar fram aðfararbeiðnir, nauðungarsölubeiðnir og gjaldþrotaskiptabeiðnirnema í undantekningartilvikum, svo fátt eitt sé nefnt.

Undanfarið hefur verið unnið að stafvæðingu í fullnustumálum innan ramma löggjafar á sviði fullnusturéttarfars. Í löggjöfinni er málsmeðferð slíkra mála lýst með mjög ítarlegum hætti og lítið svigrúm til stafvæðingar hennar. Hefur vinna í málaflokknum þannig fyrst og fremst snúið að endurskoðun á innra verklagi, auknum tengingum við Tekju- og bókhaldskerfi ríkisins (TBR) og innleiðingu á rafrænum þinglýsingum fjárnámsendurrita og yfirlýsinga um nauðungarsölur. Þá hafa fulltrúar frá sýslumönnum átt sæti í starfshóp á vegum dómsmálaráðuneytisins um endurskoðun á lögum á sviði fullnusturéttarfars m.t.t. stafrænnar málsmeðferðar.

5.11 Nauðungarsölur

Vegna lagalegra hindrana hefur ekki verið hægt að innleiða margar stafrænar lausnir í nauðungarsölu, en lögð hefur verið áhersla á að auka sjálfvirkni í samskiptum við haghafa. Helstu verkefnin hafa því verið meðal annars að sjálfvirknivæða rafrænar auglýsingar vegna byrjunar uppboða og framhaldsuppboða,

sjálfvirk birting auglýsinga úr kerfum sýslumanna á vef á Ísland.is, rafrænar þinglýsingar nauðungarsöluyfirlýsinga beint úr kerfum sýslumanna, rafrænar afturkallanir á nauðungarsöluyfirlýsingum (yfirstrikanir) og rafrænar tilkynningar í stafrænt pósthólf á Ísland.is.

Fjöldi nýrra nauðungarsölubeiðna árið 2024 var alls 1.902 en þær voru alls 4.164 árið 2019. Þessa fækkun má líklega að nokkru leyti rekja til áhrifa COVID-19 og fyrrgreindra úrræða stjórnvalda, en hún er einnig þó í samræmi við þá þróun undanfarinna ára að beiðnum um nauðungarsölu hefur fækkað umtalsvert. Mynd 5.20 sýnir fjölda nauðungarsölubeiðna til sýslumanna og fjölda mála sem lauk með útgáfu afsals vegna nauðungarsölu á fasteign, ökutækjum, skipum og öðrum uppboðsandlögum.

Mynd 5.20 Fjöldi nauðungasölubeiðna og seldra eigna, lokið með afsali árin 2019-2024.

Mynd 5.21. Fjöldi fjárnámsbeiðna og fjárnámsgerða árin 2019-2024.

Sýslumenn fara með aðfarargerðir skv. lögum um aðför nr. 90/1991 en gera má fjárnám til fullnustu peningakröfu í eignum sem nægja til greiðslu hennar t.d. í peningum, fasteign, lausafé eða kröfu gerðarþola á hendur öðrum. Fjárnámi er hægt að ljúka án árangurs ef gerðarþoli á ekki eignir sem hægt er að taka fjárnámi. Þegar skoðað er með hvað hætti fjárnámsgerðum hefur lokið undanfarin ár sést að yfirgnæfandi meirihluta fjárnámsgerða, eða um 64-72%, lýkur með árangurslausu fjárnámi.

Eins og með nauðungarsölur hefur ekki verið hægt að innleiða mikið af stafrænum lausnum í meðferð aðfararmála vegna lagalegra hindrana en á móti hefur verið lögð áhersla á aukna sjálfvirkni í innri kerfum og þá sérstaklega í samskiptum milli Fjársýslu ríkisins og sýslumanna. Sem dæmi má nefna sjálfvirkar afturkallanir aðfararbeiðna, skráningar og breytingar á stöðu, rafrænar þinglýsingar endurrita fjárnáma o.fl.

Nýjum fjárnámsbeiðnum fækkaði til muna vegna heimsfaraldurs en sjá má fjölgun eftir árið 2022 sökum þess að úrræði stjórnvalda gætti þá ekki lengur.

	Árangurslaust fjárnám	Fjárnám í fasteign	Fjárnám í ökutæki	Fjárnám í skipi	Fjárnám í öðru andlagi
2019	14.780	1.503	1.152	33	56
2020	11.416	1.177	827	25	54
2021	7.154	689	424	18	35
2022	14.168	853	353	22	28
2023	12.680	949	314	21	42
2024	13.392	953	246	14	42

Mynd 5.22 Andlag fjárnáma árin 2019-2024.

5.12 Lögráðamál

Samkvæmt íslenskum lögum geta allir einstaklingar átt réttindi og borið skyldur, sem kallast rétthæfi, og það hefst við fæðingu og lýkur við andlát. Gerhæfi, þ.e. hæfi til að ráða réttindum sínum og taka bindandi ákvarðanir, miðast hins vegar við 18 ára aldur, og fullorðnum einstaklingum má svipta ákveðnum þáttum þess tímabundið, til dæmis vegna geðveiki eða andlegs vanþroska. Í lögræðislögum nr. 71/1997 er lögræði skipt í sjálfræði og fjárræði. Sýslumenn eru yfirlögráðendur samkvæmt þessum lögum, þeir hafa eftirlit með fjármunum ófjárráða barna, skipa lögráðamenn fyrir þá sem sviptir hafa verið lögræði og fylgjast með störfum þeirra, auk þess að taka ákvarðanir um ráðsmenn fyrir einstaklinga sem eiga erfitt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar og ákveða hvort nauðungarvistun skuli heimiluð.

Á árinu 2023 voru settar í loftið beiðnir um samþykki yfirlögráðanda vegna ráðstöfunar á fé lögræðis- eða fjárræðissviptingar og vegna ófjárráða barna og fjárræðiissvipta einstaklinga og því hægt að senda þær inn með stafrænum hætti. Þetta nýja fyrirkomulag gerði það einfaldara fyrir sýslumenn að halda utan um skráningu þessara mála og kann það að skýra að einhverju leyti mikla fjölgun á árunum 2023 og 2024.

Lögræðissviptingaskrá var flutt til sýslumanna 1. október 2024, en áður var hún í umsjá Þjóðskrár Íslands. Með því sköpuðust tækifæri til að efla hagsmunagæslu einstaklinga sem höfðu verið lögræðissviptir, með aukinni þjónustu og aðgengi að staðfestingum um lögræði, fjárræði eða sjálfræði hjá sýslumönnum um land allt. Í framhaldi af breytingunni geta skipaðir lögráðamenn fengið aðgang að stafrænu pósthólfi skjólstæðinga sinna á Ísland.is, þegar það þykir nauðsynlegt vegna skertrar getu skjólstæðings til að gæta eigin hagsmuna gagnvart stjórnvöldum. Rétturinn byggir á lögum nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

Á mynd 5.23 sést fjöldi nýrra lögráðamála sem kom til meðferðar hjá sýslumönnum og skiptingu þeirra í málategundir. Myndin sýnir fjölgun nýrra lögráðamála á árunum 2019 til 2024, sérstaklega í málum vegna barna, fjárræðissviptingar og sjálfræðissviptingar. Fjölgunin kann að skýrast af fólksfjölgun, aukinni áherslu á persónuvernd í samskiptum við stofnanir, breyttum neysluvenjum og aðgengi að stafrænum viðskiptaleiðum. Einnig geta bættar greiningar og breytt viðhorf til utanaðkomandi aðstoðar haft áhrif. Þá hefur bætt skráning erinda vegna samþykkis yfirlögráðanda einnig áhrif, sbr. hér ofar. Árið 2019 voru ný lögráðamál sem komu til meðferðar hjá sýslumönnum samtals 436 en árið 2024 voru þau 636.

Mynd 5.23 Ný lögráðamál á árunum 2019-2024.
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu annast meðferð nauðungarvistunarmála á landsvísu.

6 Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sýslumönnum um land allt og má hefjast allt að átta vikum fyrir kjördag.

6.1 Forsetakosningar 27. júní 2020

Forsetakjör fór fram þann 27. júní 2020. Við kosningarnar voru alls 252.267 á kjörskrá eða 69,2% landsmanna. Af þeim greiddu 168.821 atkvæði eða 66,9% kjósenda. Kosningaþátttaka karla var 62,4% en þátttaka kvenna var nokkru hærri, eða 71,5%. Hlutfall utankjörfundaratkvæða af greiddum atkvæðum var 31,1%. Tveir frambjóðendur voru í kjöri til embættis forseta Íslands, þeir Guðmundur Franklín Jónsson og Guðni Th. Jóhannesson. Úrslit forsetakjörs urðu þau að Guðni Th. Jóhannesson hlaut flest atkvæði, 150.913 eða 92,2% gildra atkvæða, og var hann því kjörinn forseti Íslands fyrir tímabilið frá 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2024.

Mynd 6.1 Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna forsetakosningar 27. júní 2020.

6.2 Alþingiskosningar 25. september 2021

Kosið var til Alþingis 25. september 2021. Við kosningarnar voru alls 254.586 á kjörskrá eða 69,0% landsmanna. Af þeim greiddu 203.898 atkvæði eða 80,1% kjósenda. Kosningaþátttaka kvenna var 81,5% en karla 78,7%. Kosningaþátttakan var breytileg eftir aldri og var hún minni meðal yngri en eldri kjósenda. Kosningaþátttakan var 83,0% á meðal einstaklinga sem hafa engan erlendan bakgrunn á meðan hún var 42,1% á meðal innflytjenda. Við kosningarnar greiddu 47.696 manns atkvæði utan kjörfundar eða 23,4% en sambærilegt hlutfall var 18,6% í kosningunum 2017.

Mynd 6.2 Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna Alþingiskosninga 25. september 2021.

6.3 Sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 14. maí 2022 og náðu til allra 64 sveitarfélaga landsins. Í 51 sveitarfélagi, þar sem rúm 99% einstaklinga á kjörskrá voru búsettir, var bundin hlutfallskosning. Þar af var sjálfkjörið í tveimur sveitarfélögum þar sem aðeins var boðinn fram einn listi. Kosning var óbundin í 13 sveitarfélögum þar sem minna en 1% kjósenda var á kjörskrá. Á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2022 voru 276.593 eða 73,0% landsmanna. Karlar á kjörskrá voru 133.148 (48,1%), konur 128.694 (46,5%) og kynsegin/annað 70 (0,03%) en upplýsingar fengust ekki um kynskiptingu 14.681 (5,3%) þeirra sem á kjörskrá voru.

Mynd 6.3 Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitastjórnarkosninga 14. maí 2022.

6.4 Forsetakosningar 1. júní 2024

Forsetakjör fór fram þann 1. júní 2024. Við kosningarnar voru alls 266.741 á kjörskrá eða 69,5% landsmanna. Af þeim greiddu 215.635 atkvæði eða 80,8% kjósenda. Kosningaþátttaka karla var 78,4% en þátttaka kvenna var nokkru hærri, eða 83%. Hlutfall utankjörfundaratkvæða af greiddum atkvæðum var 25%. Tólf frambjóðendur voru í kjöri til embættis forseta Íslands, þau Arnar Þór Jónsson, Ásdís Rán Gunnarsdóttir, Ástþór Magnús Wium, Baldur Þórhallsson, Eiríkur Ingi Jóhannsson, Halla Hrund Logadóttir, Halla Tómasdóttir, Helga Þórisdóttir, Jón Gnarr, Katrín Jakobsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Viktor Traustason. Úrslit forsetakjörs urðu þau að Halla Tómasdóttir hlaut flest atkvæði, 73.184 eða 33,9% gildra atkvæða, og var hún því kjörinn forseti Íslands fyrir tímabilið frá 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2028.

Mynd 6.4 Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna forsetakosningar 1. júní 2024.

6.5 Alþingiskosningar 30. nóvember 2024

Kosið var til Alþingis 30. nóvember 2024. Við kosningarnar voru alls 268.490 á kjörskrá eða 70,0% landsmanna. Af þeim greiddu 215.395 atkvæði eða 80,2% kjósenda. Kosningaþátttaka kvenna var 81,2% en karla 79,2%. Kosningaþátttakan var breytileg eftir aldri og var hún minni meðal yngri en eldri kjósenda. Kosningaþátttakan var 83,4% á meðal einstaklinga sem hafa engan erlendan bakgrunn á meðan hún var 41,2% á meðal innflytjenda. Við kosningarnar greiddu 44.965 manns atkvæði utan kjörfundar eða 20,9% en hlutfall þeirra sem kjósa utan kjörfundar hefur farið hækkandi frá árinu 2003 sem var þá einungis 9,7%.

Mynd 6.5 Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna Alþingiskosninga 30. nóvember 2024.

7 Sérverkefni sýslumanna og tölulegar upplýsingar

Sýslumenn starfrækja tæplega 40 verkefni miðlægt á landsvísu. Um er að ræða sérstök, afmörkuð og oft vandmeðfarin sérverkefni sem er sinnt samhliða kjarnaverkefnunum sem öll embættin eru með. Umfang verkefnanna er æði misjafnt og ber að skoða tölfræði sem birt er í kaflanum með þeim formerkjum. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu sérverkefnum hvers og eins embættis.

7.1 Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Sérverkefni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu eru:

- Sáttameðferð og vinna sérfræðinga í málefnum barna á grundvelli barnalaga.
- Veiting leyfa til ættleiðinga
- Afgreiðsla nauðungarvistana
- Löggilding fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
- Skráning heimagistingar og eftirlit.
- Eftirlit með rekstarleyfisskyldum gististöðum
- Réttindaskrá loftfara, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1966 um skrásetningu réttinda í loftförum.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu fer með verkefnið *Sáttameðferð og vinna sérfræðinga í málefnum barna á grundvelli barnalaga*. Samkvæmt 33. gr. a barnalaga 76/2003, eins og henni var breytt með lögum 61/2012 og lögum 144/2012, skal sýslumaður bjóða aðilum forsjármála, lögheimilismála, umgengnismála, dagsektamála og aðfararmála sáttameðferð. Áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför er skylt að hafa leitað sátta samkvæmt 33. gr. a. Markmið með sáttameðferð er að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn máls sem er barni fyrir bestu. Ef foreldrum tekst ekki að gera samning gefur sáttamaður út vottorð um sáttameðferð. Heimilt er að gefa út vottorð um sáttameðferð ef foreldrar mæta ekki á sáttafund eftir að hafa fengið kvaðningu tvívegis. Í vottorði um sáttameðferð skal gera grein fyrir því hvernig sáttameðferð fór fram, helstu ágreiningsatriðum, afstöðu aðila og sjónarmiðum barns nema það sé talið ganga gegn hagsmunum barnsins. Vottorð um sáttameðferð er gilt í sex mánuði eftir útgáfu.

Samkvæmt 74. gr. barnalaga getur sýslumaður á öllum stigum máls leitað liðsinnis sérfræðings í málefnum barna. Sýslumaður getur meðal annars falið sérfræðingi að kynna sér viðhorf barns eða foreldris og gefa skýrslu um það. Þá getur sýslumaður falið sérfræðingi að gefa umsögn um tiltekin álitaefni þegar ástæða þykir til og getur mælt svo fyrir að sérfræðingur hafi í þessu skyni heimild til að afla gagna skv. 3. mgr. 72. gr. barnalaga. Hjá embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu starfar teymi fimm sérfræðinga í málefnum barna í samtals fjórum stöðugildum, sem annast sáttameðferð og sérfræðiráðgjöf í málefnum barna fyrir öll enbætti sýslumanna. Fjórir sérfræðinganna hafa starfsstöð á skrifstofu embættisins að Hlíðasmára 1, Kópavogi og einn á Akureyri. Að meðaltali hafa náðst sættir í 55% allra mála sem komið hafa til sáttameðferðar árin 2017 og 2018.

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 sem fólu það meðal annars í sér að heimagisting varð skráningarskyld en ekki rekstrarleyfisskyld. Með reglugerð nr. 1277/2016, um sama efni, var Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu falið að hafa eftirlit með skráðum og skráningarskyldum aðilum sem bjóða upp á heimagistingu. Samkvæmt framangreindum lögum og reglugerð skal hver sá sem hyggst bjóða upp á heimagistingu tilkynna sýslumanni að hann hyggist gera svo. Hefur sýslumaður tekið á móti slíkum tilkynningum rafrænt í gegnum heimasíðuna www.island.is/heimagisting

Réttindaskrá loftfara, sem gildir fyrir allt landið, er haldin við embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Réttindi í loftfari, sem skráð er í þjóðernisskrá samkvæmt lögum um loftferðir, skulu skrásett til þess að njóta verndar gegn samningum um loftfarið og gegn lögsókn. Þau réttindi sem skráð eru í réttindaskrána eru eignarréttindi, leiguréttindi og veðréttindi og áþekk tryggingarréttindi. Réttindaskrá loftfara gegnir sambærilegu hlutverki og fasteignabók þinglýsingastjóra hvað varðar réttindi yfir fasteignum.

Sáttameðferð skv. barnalögum	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Ný erindi í sáttameðferð hjá SMH	522	499	635	536	641	574
Lokin mál	386	514	633	610	551	549

Mál sérfræðinga í málefnum barna	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Ný erindi til sérfræðinga SMH í málefnum barna	63	80	113	111	94	83
Lokin mál	71	73	101	126	78	92

Ættleiðingar	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Erindi til SMH vegna ættleiðinga	92	101	94	106	109	100
Lokin mál vegna ættleiðinga	92	100	94	105	93	40

Nauðungarvistun	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Erindi til SMH um nauðungarvistun	138	123	105	181	178	199

Heimagisting	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Nýskráningar	1.260	335	472	1.453	2.208	1.532
Endurnýjun	1.086	990	663	850	1.553	2.102
Nýtingaryfirlit	2.016	1.096	992	2.125	3.394	2.977

Eftirlit með rekstrarleyfisskyldri gististarfsemi	2019	2020	2021	2022	2023	2024

Fjöldi stjórnvaldssekta	75	38	17	3	18	5
Álagðar stjórnvaldssektir	61.530.000 kr	28.739.500 kr	26.024.020 kr	5.840.000 kr	35.961.469 kr	4.572.960 kr

7.2 Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sérverkefni Sýslumannsins á Vesturlandi eru:

- Umsjón með allsherjarskrá um kaupmála, sbr. reglugerð nr. 1126/2006 um vistun allsherjarskrár um kaupmála
- Umsjón gjafsóknarmála.

Sýslumanninum á Vesturlandi ber að hafa umsjón með allsherjarskrá kaupmála og senda tilkynningu á hlutaðeigandi sýslumann þegar kaupmáli hefur verið skráður.

Gjafsóknarnefnd er skipuð þremur lögfræðingum til fjögurra ára í senn, sbr. 2. mgr. 125. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Starfsmaður nefndarinnar er fulltrúi sýslumannsins á Vesturlandi. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar, með síðari breytingum, skal nefndin að jafnaði innan fjögurra vikna frá því að henni berst umsókn um gjafsókn, sem studd er fullnægjandi rökum og gögnum, gefa ráðuneytinu skriflega og rökstudda umsögn um umsóknina.

Sérverkefni SMV	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Umsagnir til gjafsóknarnefndar	465	454	592	603	521	425
Skráningar í allsherjarskrá um kaupmála	109	264	317	240	68	370

7.3 Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Sérverkefni Sýslumannsins á Vestfjörðum eru:

- Álagning og innheimta vanrækslugjalds samkvæmt reglugerð um skoðun ökutækja nr. 8/2009 og frá 1. maí 2021 reglugerð með sama heiti nr. 414/2021.
- Rekstur skönnunarmiðstöðvar þar sem eldri þinglýst skjöl fyrir allt landið eru færð yfir á stafrænt form.

Vanrækslugjald er lagt á eigendur eða skráða umráðamenn þeirra ökutækja sem ekki eru færð til lögmæltrar skoðunar hverju sinni. Eftir að embætti sýslumanna á Vestfjörðum sameinuðust í eitt embætti árið 2015 hefur þessu verkefni að mestu verið sinnt á skrifstofu þess á Hólmavík.

Um skönnunarmiðstöð. Sýslumaðurinn á Ísafirði annaðist frá miðju ári 2008 (og frá og með árinu 2015 skrifstofa sýslumannsins á Vestfjörðum á Ísafirði) skönnun skjala inn sem þinglýst var frá og með árinu 1979 þegar hætt var binda þinglýst skjöl inn í bækur og þau þess í stað lögð í lausblaðaöskjur til 2005 er farið var að skanna öll þinglýsingarskjöl inn í sérstakt kerfi fyrir þinglýsingar sem var hluti af Landskrá fasteigna.

Ráðnir voru tveir starfsmenn í þetta verkefni, sem höfðu það að aðalstarfi allan tímann þó þeir hafi að hluta sinnt öðrum tilfallandi verkefnum. Á árinu 2019 fékk embættið styrk frá Byggðastofnun til að fjölga störfum á Ströndum (Hólmavík) og var ráðinn starfsmaður á skrifstofu embættisins þar 1. apríl það ár sem einnig sinnti þessu verkefni fram í október 2021.

Skjöl sem voru yfirfarin á þessum tíma voru alls um 1.843.000 en nokkur hluti þeirra var ekki skannaður inn ef það taldist ekki hafa þýðingu eins og t.d. upp greidd veðskuldabréf, veðleyfi sem þeim fylgdu og fleiri slík skjöl sem ætlaður var afmarkaður tími.

Sum embætti önnuðust þessa skönnun sjálf en önnur þáðu þjónustu embættis Sýslumannsins á Vestfjörðum og munaði þar langmest um embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu en miklar skjalasendingar voru milli Ísafjarðar og höfuðborgarsvæðisins fram og til baka meðan á verkefninu stóð. Einnig var oft haft samband ef skoða þurfti skjöl sem höfðu verið send til skönnunar en henni ekki lokið.

Að sögn starfsmanna sem þessu sinntu gekk skönnunin í aðalatriðum vel þó frágangur skjalanna, skipulagning þeirra og merkingar á þeim væru misjafnar auk þess sem erfitt gat verið að eiga við ýmis fylgiskjöl eins og t.d. lóðabréf, sem annað hvort þurfti að smækka í ljósriti eða skipta niður á fleira blöð svo þau pössuðu í skannana. Þá hægðist mjög á þinglýsingakerfinu á árinu 2017 og varði það ástand allt til loka verkefnisins, sem tafði vinnuna umtalsvert.

Brýnt er að hafa greiðan aðgang að þeim skjölum sem um ræðir og þá ekki síst eignarheimildum að fasteignum, afsölum, kaupsamningum o.s.frv.

Verkefninu lauk árið 2022 en það bíður svo ákvörðunar og úrlausnar hvort ráðist verði í almenna skönnun skjala sem eru eldri en frá 1979 og varðveitt eru í bókum hjá embættum sýslumanna ásamt registrum þar sem hver eign á sitt blað.

Vanrækslugjald	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi álagninga í vanrækslugjaldi	38.608	34.272	40.510	35.993	35.286	33.536
Greitt vanrækslugjald í kr.	401.961.179	365.758.413	520.687.700	563.882.636	574.168.102	549.789.075

Skönnunarmiðstöð	2019	2020	2021	2022
Fjöldi yfirfarinna þinglýsingarskjala vegna skönnunar	123.920	147.635	95.017	41.613

7.4 Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Sérverkefni Sýslumannsins á Norðurlandi vestra eru:

Rekstur innheimtumiðstöðvar, sem sér um innheimtu eftirtalinna krafna:

- Sektir og sakarkostnaður.
- Innheimta meðlags
- Endurkröfur bóta sem ríkissjóður hefur greitt þolendum afbrota.
- Endurkröfur vegna gjafsóknarmála.
- Stjórnvaldssektir, févíti, dagsektir, sáttir og eftirlitsgjald Fjármálaeftirlits Seðlabanka.
- Endurkröfur vegna ofgreiðslna Tryggingastofnunar ríkisins, Vinnumálastofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
- Dagsektir Vinnueftirlits, Persónuverndar og Matvælastofnunar.
- Stjórnvaldssektir sýslumanns vegna heimagistingar.

Innheimtumiðstöð Sýslumannsins á Norðurlandi vestra annast innheimtu og fullnustu ýmissa krafna fyrir ríki og stofnanir þess, svo sem sekta og sakarkostnaðar, endurkrafna bóta og stjórnvalds- og dagsekta. Þann 1. janúar 2024 var innheimta meðlags flutt frá Innheimtustofnun sveitarfélaga til Sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Innheimtumál eru almennt unnin í Tekjubókhaldskerfi ríkisins þar sem ríkissjóðsinnheimta fer allajafna fram, en stefnt er að aukinni vistun og vinnslu afmarkaðri þátta innheimtunnar innan Sýslu, starfs- og málaskrárkerfi sýslumanna. Að jafnaði sinna 10 starfsmenn innheimtuverkefnum embættisins í fullu starfi, en nokkur hluti starfsmanna embættisins sinnir jafnframt afmörkuðum innheimtutengdum verkefnum í samlegð við önnur verkefni sín. Helstu verkefni starfsmanna innheimtumiðstöðvar felast í fruminnheimtu, greiðsluáætlanagerð, gerð aðfarar- og nauðungarsölubeiðna, eftirfylgni fullnustuaðgerða, meðferð greiðsluaðlögunar- og gjaldþrotamála, almennri kröfuvakt og töku ákvarðana um afplánun vararefsingar og niðurfellingu sakarkostnaðar, ásamt svörun fyrirspurna og erinda sem berast í tölvupósti og símleiðis. Þá á Innheimtumiðstöð embættisins í töluverðu samstarfi við aðrar stofnanir ríkisins vegna verkefna sinna á sviði innheimtu- og fullnustu ríkissjóðskrafna, svo sem Fjársýslu ríkisins, Fangelsismálastofnun, Innheimtusvið Skattsins og aðra innheimtumenn ríkissjóðs.

Sjóðir og sjálfseignarstofnanir	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Nýr sjóður/sjálfseignarstofnun	10	11	15	12	17	12
Breytingar á skipulagsskrám	13	8	6	12	4	12
Niðurlagning sjóða/sjálfseignarstofnana	28	16	13	16	12	15
Tilkynning um breytingu á stofnfé	1	1	1	1	1	1

Samtals auglýsingar í stjórnartíðindum	24	20	23	26	23	26
Beiðnir um samþykki fyrir veðsetningu og sölu fasteigna	14	20	23	17	6	7
Tilkynningar til embættisins um breytingar á stjórn	60	106	93	82	136	117
Vottorð embættisins á íslensku um stofnun og skipan stjórnar	4	13	16	14	4	7
Símtöl og tölvupóstar vegna fyrirspurna/leiðbeininga, u.þ.b.	550	550	600	600	750	800
Vottorð embættisins á ensku um stofnun og skipan stjórnar	2	3	2	10	4	2
Ýmis bréfleg erindi, þ.m.t. frá öðrum opinberum aðilum	0	0	1	0	0	0
Kærur á ákvörðunum embættisins til dómsmálaráðuneytisins	0	0	0	1	0	0

Innheimtumiðstöð	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Innheimtar fjárhæðir (milljarðar kr.)	4	4	4	5	5	9
Greiðsluáætlanir	3.772	3.774	3.288	2.939	2.720	6.826
Greiðsluáskoranir til birtingar	402	654	293	1.652	572	2.027
Beiðnir um niðurfellingu sakarkostnaðar	54	78	105	103	103	122
Ákvarðanir um afplánun vararefsingar	573	770	887	124	109	439

7.5 Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sérverkefni Sýslumannsins á Norðurlandi eystra eru:

- Rekstur skrifstofu bótanefndar skv. lögum nr. 69/1995 um greiðslu bóta til þolenda afbrota
- Umsjón verkefna sem sýslumanni eru falin skv. lögum nr. 47/2010 um sanngirnisbætur
- Útgáfa leyfisbréfa til starfsréttinda héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna og önnur umsjón þeirra verkefna sem sýslumönnum eru falin á grundvelli laga nr. 77/1998 um lögmenn, sbr. lög nr. 145/2013.
- Útgáfa leyfa til dreifingar á ösku látins manns utan kirkjugarðs, sbr. reglugerð nr. 104/2014 um breytingu á reglugerð nr. 203/2003.
- Skráning og eftirlit með skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum á grundvelli laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög og reglugerðar nr. 106/2014.
- Útgáfa leyfa til tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða í grafreit, sbr. reglugerð nr. 105/2014.
- Ákvarðanir um kvaðaarf skv. 1. og 2. mgr. 50. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. reglugerð nr. 108/2014 um ákvarðanir varðandi kvaðabindingu arfs og niðurfellingu kvaðar.

Ríkissjóður greiðir *bætur til þolenda* afbrota vegna líkamstjóns og miska, sbr. lög nr. 69/1995 og I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 og 26. gr. Bótanefnd vegna þolenda afbrota hefur verið í umsjón sýslumanns tæpa tvo áratugi og hefur málafjöldi vaxið verulega á síðustu árum. Sem dæmi má nefna að árið 2005 bárust 205 mál en árið 2020 voru þau 512. Meðferðartími er háður rannsókn og dómsmeðferð og því líða oft 1-3 ár frá því umsókn berst og þar til unnt er að ljúka máli.

Umsjón með *sanngirnisbótum* hefur frá upphafi verið hjá sýslumanni. Verkefnið felst í ákvörðun sanngirnisbóta á grundvelli laga nr. 47/2010 en með lögunum er ríkissjóði heimilt að greiða sanngirnisbætur til þeirra sem máttu sæta illri meðferð á vistheimilum og stofnunum fyrir börn. Verkefnið hófst árið 2010 og er eðli málsins samkvæmt tímabundið, en könnun vistheimilanefndar á tilteknum stofnunum er undanfari innköllunar sýslumanns á bótakröfum. Alls hafa verið greiddar bætur til um 1.250 einstaklinga vegna tæplega 20 stofnana. Lög um sanngirnisbætur féllu úr gildi þann 31. desember 2023.

Útgáfa á *réttindum til málflutnings* á öllum dómstigum, fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti er á hendi embættisins. Enn fremur heldur embættið utan um hverjir hafa réttindi til málflutnings, tekur við innlögðum réttindum og afhendir úttekin réttindi. Að auki gefur embættið út vottorð vegna réttinda og prófmála. Þá annast embættið niðurfellingu réttinda þegar lögmenn uppfylla ekki lengur skilyrði fyrir handhöfn lögmannsréttinda. Útgefin réttindi eru nú 2.505. Af þeim eru rúmlega 300 látnir lögmenn og því eru leyfi núlifandi lögmanna 2.200 talsins. Um 1.250 þeirra eru virk, eða 57% leyfa. Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda útgefinna málflutningsréttinda á tímabilinu 2019 til 2024.

Samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu er heimilt *að dreifa ösku látinna* í óbyggðum eða yfir haf. Um helmingur umsókna kemur frá ferðamönnum sem vilja dreifa ösku látinna ástvina hér á landi. Árlega berast embættinu á milli 45-60 beiðnir, að árinu 2020 undanskildu vegna færri ferðamanna það ár.

Skráning nýrra *trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga* á grundvelli laga nr. 108/1999 er á hendi embættisins. Málsmeðferð vegna umsókna telst sértæk og nokkuð viðurhlutamikil. Félögin öðlast hlutdeild í sóknargjöldum og ýmis réttindi við skráninguna en sæta eftirleiðis tilteknu eftirliti sýslumanns. Allar stórfelldar breytingar sem verða á skipan félags skal tilkynna sýslumanni án tafar. Á tímabilinu 2019 til 2022 bárust 9 umsóknir um skráningu félags og var 4 hafnað en 5 samþykktar. Skráð félög í árslok 2022 voru 48 talsins.

Samkvæmt lögum um kirkjugarða o.fl. nr. 36/1993 er heimilt að *færa jarðneskar leifar* á milli grafreita eða kirkjugarða, standi málefnalegar forsendur að baki. Ástæður fyrir tilfærslu jarðneskra leifa eru næsta fjölbreytilegar.

Heimilt er að *binda skylduarf kvöðum* ef líklegt þykir að erfingi fari ráðleysislega með arf sinn. Sýslumaður tekur ákvörðun um hvort samþykkja beri umsóknina eða hafna henni á grundvelli erfðalaga nr. 8/1962. Jafnframt er unnt að óska eftir því við sýslumann að kvöðum á skylduarf eða bréfarf verði aflétt. Kvöð á skylduarf er að jafnaði ekki samþykkt nema sýnt sé fram á með læknisfræðilegum gögnum að skylduerfingi sé haldinn andlegum annmörkum og ekki líklegur til að geta annast fjárreiður sínar með ábyrgum hætti. Þegar sótt er um kvaðabindingu arfs er lagt fram eintak af erfðaskránni eða það ákvæði hennar sem varðar kvaðabindinguna og embættið gefur út leyfisbréf til kvaðabindingarinnar.

Málafjöldi hjá bótanefnd	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Málafjöldi hjá bótanefnd	487	512	486	467	447	480

Útgefin málflutningsréttindi	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fyrir héraðsdómi	48	34	44	56	30	29
Fyrir Landsrétti	76	10	11	23	15	20
Fyrir Hæstarétti	4	6	1	4	4	8

Sérverkefni	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Útgáfa leyfa til dreifingar ösku	62	41	37	64	51	58
Skráning nýrra trúfélaga	3	2	2	1	2	0
Útgáfa leyfa til tilfærslu líka	7	14	11	9	9	16
Ákvarðanir um kvaðaarf	4	3	5	5	8	7

7.6 Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sérverkefni Sýslumannsins á Austurlandi eru:

- Viðurkenning á starfsréttindum iðnaðarmanna á evrópska efnahagssvæðinu.
- Innheimta fjallskilagjalda í Loðmundarfirði

Viðurkenningar á starfsréttindum iðnaðarmanna á evrópska efnahagssvæðinu byggja á 2. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, 2. gr. laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi nr. 26/2010 og reglugerð nr. 585/2011 um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi. Eins og ráða má af töflunni hér að neðan fór viðurkenningum á þessu sviði fækkandi á árunum 2019 til 2021 en jókst aftur á árinu 2022. Málafjöldi í þessum málaflokki ræðst af efnahagsástandi og verkefnastöðu í þjóðfélaginu. Gangur mála er sá að umsækjendur sækja um viðurkenningu og gefur Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið út erindi þar sem nánar er tilgreint hvaða réttindi viðkomandi umsækjanda hefur til starfa hér á landi í sinni iðngrein, að fenginni umsögn viðkomandi iðnfélags. Að fengnu erindi ráðuneytisins gefur sýslumaðurinn á Austurlandi síðan út viðurkenningarskjal þegar leyfisgjald er greitt.

Innheimta fjallskilagjalda í Loðmundarfirði skv. ákvæðum laga nr. 40//1972 um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp. Lögin tóku gildi hinn 1. janúar 1973. Samkvæmt þeim er kostnaði við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfjarðarhreppi skipt þannig, að eigendur eyðijarða bera ¼, sveitarfélög þau er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega ½ og ríkið ¼. Kostnaður eigenda eyðijarða skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð jarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt lögunum, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvors þeirra fyrir sig (nú Múlaþing). Ef ágreiningur verður um fjallskilakostnað skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða. Síðasta þing Búnaðarfélags Íslands var haldið árið 1995. Ekki hefur reynt á þetta ákvæði. Sýslumaður Norður-Múlasýslu annast innheimtu á framlögum til greiðslu fjallskilakostnaðar. Að breyttu breytanda er það nú hlutverk sýslumannsins á Austurlandi.

Viðurkenndar starfsviðurkenningar	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Starfsviðurkenningar	110	99	65	147	220	83

Fjallskilagjöld, innheimta og skil	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Innheimt fjallskilagjöld	2.113.854	1.591.034	770.042	742.603	1.149.805	1.207.671
Innheimtir vextir	19.470	18.060	4.996	15.315	77.056	16.613
Innheimt alls	2.133.324	1.609.094	775.038	757.918	1.226.861	1.224.284
Tekjufært á Múlaþing	2.236.698	1.601.045	302.451	179.206	2.474.716	343.704
Mismunur	-103.374	8.049	472.587	578.712	-1.247.855	880.580

7.7 Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Sérverkefni Sýslumannsins á Suðurlandi eru:

- Útgáfa happdrættisleyfa, sbr. lög nr. 38/2005 um happdrætti.
- Útgáfa leyfa til þeirra sem vilja reka útfararþjónustu.
- Færsla bókhalds fyrir tíu íslensk sendiráð og sendiskrifstofur.
- Útgáfa Lögbirtingablaðsins.
- Leyfi fyrir opinberum fjársöfnunum samkvæmt lögum nr. 5/1977 um opinberar fjársafnanir
- Eftirlit með spilakössum í samræmi við lög nr. 13/1973 og 73/1994 og tilheyrandi reglugerðir
- Útgáfa leyfa til sölu áfengis á framleiðslustað skv. lögum nr. 75/1988 og reglugerð nr. 800/2022.

Með lögum nr. 143/2006, um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms-og kirkjumálaráðuneytinu til sýslumannsembætta, var ákveðið í X. kafla þeirra, 25. - 27. gr., að fela skyldi einhverju sýslumannsembætti að fara með *leyfisveitingar happdrætta* og umsýslu þeirra, meðal annars til að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning, svo og að annast útgáfu leyfa fyrir hlutaveltur. Enn fremur að annast eftirlit með framkvæmd happdrættislaga, þó þannig að eftirlit með happdrættum þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi, og sem rekin eru samkvæmt sérstakri lagaheimild verði hjá ráðuneytinu. Með reglugerð nr. 1124/2006 var ákveðið að sýslumaðurinn á Hvolsvelli annaðist veitingu happdrættisleyfa frá 1. janúar 2007. Sýslumaðurinn á Suðurlandi veitir leyfi fyrir happdrættum á landsvísu ef söluverðmæti útgefinna miða er yfir 2.000.000 kr. Aðrir sýslumenn veita leyfi fyrir staðbundnum happdrættum í umdæmum sínum þegar söluverðmæti útgefinna miða fer ekki yfir 2.000.000 kr. Ekkert gjald er greitt fyrir happdrættisleyfi. Verkefnið er vistað á skrifstofum embættisins á Höfn og á Selfossi.

Á grundvelli reglugerðar nr. 1127/2006 sér embættið um veitingu leyfa til þeirra sem hyggjast *starfrækja útfararþjónustu*. Að auki tekur sýslumaður ákvörðun telji hann að svipta beri útfararstofu leyfi. Slík ákvörðun er kæranleg til dómsmálaráðuneytis. Reglugerð nr. 426/2006 um útfararþjónustur gildir um útgáfu leyfa og starfrækslu útfararþjónusta. Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Verkefnið er vistað á skrifstofu embættisins á Höfn.

Færsla bókhalds fyrir 8 sendiráð Íslands erlendis og 2 skrifstofur fastanefnda. Verkefnið hefur allt frá árinu 2008 verið unnið á skrifstofu embættisins í Vík. Vel hefur gengið að þjónusta stofnanir utanríkisráðuneytisins með þessum hætti og hefur verkefnið aukist að vöxtum þar sem í upphafi var um að ræða fjögur íslensk sendiráð og vilji stendur til þess að bæta enn í, í ljósi þeirrar góðu reynslu sem komin er á verkefnið

Útgáfa Lögbirtingablaðsins Sýslumaðurinn á Suðurlandi gefur út Lögbirtingablaðið í umboði dómsmálaráðuneytisins. Um útgáfu blaðsins fer eftir lögum nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Sýslumaður er ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins. Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungarsölur, þar á meðal á fasteignum búa sem eru til opinberra skipta, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög og firmu, sérleyfi er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi, líkt og segir í 2. mgr. 1. gr. framangreindra laga. Útgáfa Lögbirtingablaðsins er rafræn á vefnum og fer fram á vef blaðsins www.logbirtingablad.is. Verkefnið var falið Sýslumanninum í Vík árið 2007 og fer vinna við blaðið að stærstum hluta fram á þeirri starfsstöð embættisins. Á meðfylgjandi súluriti getur að líta fjölda auglýsinga, fjölda áskrifta og þróun tekna blaðsins. Eins og sjá má er hverfandi hluti tekna blaðsins áskriftartekjur.

Með *opinberri fjársöfnun* er átt við starfsemi þar sem almenningur er hvattur til að láta fé af hendi í þágu ákveðins málefnis án þess að endurgjald komi í staðinn. Þó svo að sá sem lætur fé af hendi til fjársöfnunar fái endurgjald í formi táknræns hlutar, telst hann ekki hafa fengið endurgjald, hafi hluturinn ekki sjálfstætt verðgildi. Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi. Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem eru í persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá. Umsýsla með málaflokknum er vistuð á skrifstofum embættisins á Höfn og Selfossi. Lögin er komin nokkuð til ára sinna og endurspegla ekki tíðaranda og tækniþróun í nútímaþjóðfélagi. Engu að síður er unnt að sækja um slíkt leyfi með rafrænum hætti á syslumenn.is

Með ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 8. febrúar 2007 var Sýslumanninum á Hvolsvelli falið að skipuleggja og framkvæma í umboði ráðuneytisins *eftirlit með spilakössum*. Frá 1. janúar 2015 hefur Sýslumaðurinn á Suðurlandi haft verkefnið með höndum. Verkefnið er vistað á starfsstöðvum embættisins á Höfn og á Selfossi. Um starfrækslu happdrættisvéla Happdrættis Háskóla Íslands gilda lög nr. 13/1973 með síðari breytingum. Í reglugerð settri með stoð í þeim lögum er meðal annars kveðið á um staðsetningu, fjölda og tegundir kassa, eftirlit með þeim o.fl. Reglugerð var sett árið 1993 um pappírslaust peningahappdrætti Háskóla Íslands nr. 455/1993, og hefur henni verið breytt nokkrum sinnum. Um söfnunarkassa hjá Íslandsspilum gilda lög nr. 73/1994 og reglugerð um söfnunarkassa nr. 277/2005.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi fer með afmarkaðan hluta eftirlits með spilakössum í samræmi við ofangreindar réttarheimildir. Þau atriði sem umrætt eftirlit lýtur að og embættinu er falið að skipuleggja í samvinnu við lögregluyfirvöld og aðra sýslumenn eru einkum eftirfarandi:

1. Að fram komi á spilakössum hver sé rekstraraðili þeirra.
2. Að ganga úr skugga um að spilakassarnir beri raðnúmer.
3. Að fram komi upplýsingar á spilakössunum, eða á spjaldi hjá þeim, hvert ágóði af rekstri þeirra rennur.
4. Að fylgst sé með því að þeir sem spila séu að lágmarki 18 ára gamlir.
5. Að börn yngri en 18 ára geti ekki fengið greidda út vinninga.
6. Að spilakassarnir séu aðeins þar sem heimilt er að reka þá.
7. Að tryggilega sé gengið frá því að umsjónarmaður hafi virkt eftirlit með spilakössunum.

Nokkurs misskilnings gætir um hlutverk sýslumanns viðvíkjandi eftirlit með spilakössum og eftirlit með happdrættum. Berast embættinu á ári hverju ábendingar um vanvirkt eftirlit með erlendum veðmálasíðum, sem eru þá utan lögsögu íslenska ríkisins, eða kvartanir vegna of greiðs aðgengis að spilakössum. Eins og sjá má að ofan hefur eftirlit sýslumanns, sem framkvæmt er af lögreglu að beiðni embættisins, lotið að framangreindum þáttum og ekki öðrum. Önnur verkefni viðvíkjandi eftirlit með spilakössum eru á hendi dómsmálaráðuneytis.

Sýslumanninum á Suðurlandi var falið verkefnið *Útgáfa leyfa til sölu áfengis á framleiðslustað* skv. lögum 75/1988 og reglugerð nr. 800/2022 í júlí 2022. Veita má handhafa framleiðsluleyfis, sem framleiðir innan við 500.000 lítra af áfengi á almanaksári, leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað. Sé áfengið sem framleitt er sterkara en 12% af hreinum vínanda má handhafi leyfis ekki framleiða meira en 100.000 lítra af áfengi á almanaksári. Leyfi eru fyrst gefin út til eins árs og ótímabundið leyfi gefið út í framhaldi, séu skilyrði enn uppfyllt.

Sérverkefni SMSL	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Útgáfa happdrættisleyfa, sbr. lög nr. 38/2005 um happdrætti.	40	33	36	34	63	55
Útgáfa leyfa til þeirra sem vilja reka útfararþjónustu.		10	3	4		1
Leyfi til opinberra fjársafnana samkvæmt lögum nr. 5/1977 um opinberar fjársafnanir.	17	19	17	17	20	18
Eftirlit með spilakössum í samræmi við lög nr. 13/1973 og 73/1994 og tilheyrandi reglugerðir.						
Útgáfa leyfa til sölu áfengis á framleiðslustað skv. lögum nr. 75/1988 og reglugerð nr. 800/2022.				20	17	12

Lögbirtingablaðið	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi auglýsinga	24.190	27.087	26.155	23.876	26.881	25.802
Fjöldi áskrifta	631	835	784	663	801	822
Tekjur (m.kr.)	1,9	2,5	2,4	2,0	2,4	2,5

7.8 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Sérverkefni Sýslumannsins í Vestmannaeyjum eru:

- Stofnun hjúskapar erlendis.
- Löggilding skjalaþýðenda og dómtúlka samkvæmt reglugerð nr. 1122/2006 um löggildingu dómtúlka og skjalaþýðenda.
- Auðkennahreinsun og birting úrskurða dómsmálaráðuneytis á sviði fjölskyldumála á innri vef sýslumanna.
- Rafræn útgáfa reglugerðasafns.
- Könnun hjónavígsluskilyrða á landsvísu.
- Viðurkenning á hjónavígslu sem farið hefur fram erlendis.

Unnt er að óska eftir yfirlýsingu sýslumanns vegna fyrirhugaðrar *stofnunar hjúskapar erlendis* en embætti sýslumanns í Vestmannaeyjum annast útgáfu slíkra yfirlýsinga á landsvísu. Uppfylla þarf skilyrði hjúskaparlaga nr. 31/1993 ásamt því að viðkomandi þarf að eiga lögheimili á Íslandi. Yfirlýsing sýslumanns um uppfyllt skilyrði er send í pósthólf aðila á Ísland.is hafi málsaðili yfir að ráða rafrænum skilríkjum. Embættið hefur haft verkefnið með höndum síðan um mitt ár 2022.

Unnt er að taka *löggildingarpróf fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur* en embætti sýslumannns í Vestmannaeyjum heldur utan um prófið sem haldið er annað hvert ár að undangengnu kynningar- og undirbúningsnámskeiði á vegum Þýðingaseturs Háskóla Íslands. Á heimsíðu embættisins er listi með nöfnum löggiltra dómtúlka og skjalaþýðenda.

Auðkennahreinsun og birting úrskurða dómsmálaráðuneytis á sviði fjölskyldumála á innri vef sýslumanna lýtur að því að afmá persónugreinanlegt efni úr úrskurðum þannig að einungis þeim upplýsingum er miðlað til þeirra sem aðgang hafa að úrskurðum sem þörf er á og samrýmast tilgangi miðlunar.

Rafræn útgáfa reglugerðarsafns miðar að því að tryggja að rafræn útgáfa reglugerða sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda, verði uppfærðar jafnóðum á vefsvæðinu www.reglugerd.is þannig að samfella verði í texta reglugerðar eftir breytingar. Verkefnið hlaut styrk frá Byggðastofnun á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar og hófst vinnsla þess á embættinu árið 2020.

Áður en tveir einstaklingar eru gefnir saman í hjónaband þarf að fara fram *könnun á því hvort skilyrði til hjónavígslu* séu uppfyllt. Með lögum nr. 40/2022 voru gerðar ýmsar breytingar á hjúskaparlögum. Ein þeirra var sú að könnun á hjónavígsluskilyrðum var alfarið færð til sýslumanna, en áður gátu prestar og forstöðumenn lífsskoðunarfélaga einnig kannað hjónavígsluskilyrði íslenskra ríkisborgara. Verkefnið, sem er nokkuð umfangsmikið, er gott dæmi um vel heppnaða ákvörðun um miðlæga vinnslu verkefnis á einu embætti sýslumanns, en verkefnið er engu að síður unnið í góðu samstarfi við önnur embætti sýslumanna. Með því að færa verkefnið á hendur einu embætti skapast sérhæfing og skilvirkni, auk þess sem þekking á öðrum málaflokkum getur leitt til umbóta í öðrum málaflokkum tengdum verkefninu. Hjónaefni með íslenska kennitölu og rafræn skilriki geta sótt um könnunarvottorð með stafrænum hætti. Greitt er fyrir vottorð og fylgigögn sem unnt er að afla hjá íslenskum stofnunum en hjónaefnum leiðbeint um að afla þeirra gagna sem ekki er hægt að nálgast hjá íslenskum stofnunum, t.d. fæðingarvottorð ef umsækjandi er fæddur erlendis. Í stafrænu umsóknarferli er gengið frá greiðslu þau fylgigögn sem unnt er að

afgreiða og útgáfu könnunarvottorðs. Önnur hjónaefni hefja ferlið með því að senda tölvupóst á gifting@syslumenn.is Um verkefnið fer eftir III. sbr. II. kafla hjúskaparlaga nr. 31/1993 sem og reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða og viðurkenningu á hjónavígslu sem farið hefur fram erlendis nr. 55/2013 með síðari breytingum. Verkefnið hefur verið vistað í Vestmannaeyjum frá 1. september 2022.

Sýslumaður í Vestmannaeyjum úrskurðar um skráningu á *hjónavígslu sem hefur farið fram erlendis*. skv. reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða og viðurkenningu á hjónavígslu sem farið hefur fram erlendis. Verkefnið fluttist til embættisins á árinu 2022.

Sérverkefni	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Stofnun hjúskapar erlendis		1	39	46	88	66
Dómtúlkur og skjalaþýðandi		12		14		14
Viðurkenning hjúskapar erlendis frá				3	17	31
Könnun á landsvísu				791	3.075	3.258
Úrskurðahreinsun	46	47	62	43	43	60
Reglugerðir		500	1.500	1.500	1.500	1.500

7.9 Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Sérverkefni Sýslumannsins á Suðurnesjum eru:

- Afgreiðsla stefnubirtinga samkvæmt Haag-samningnum um birtingar á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum.
- Afgreiðsla stefnubirtinga samkvæmt Haag-samningnum um öflun sönnunargagna.
- Stefnubirtingar á grundvelli Norðurlandasamnings um gagnkvæma dómsmálaaðstoð frá 26. maí 1975.

Beiðnum bæði til og frá landinu árin 2019-2024 hefur fækkað töluvert frá byrjun birtinga hjá embættinu. Þessa breytingu má rekja að einhverju leiti til heimsfaraldursins og svo lagabreytinga sem hafa orðið um stefnubirtingar sérstaklega á hinum Norðurlöndunum í kjölfar Covid-19. Heildar beiðnir árið 2019 voru 752 og 548 árið 2024. Flestar beiðnir eru frá Íslandi, Noregi og Danmörku. Töluverð aukning hefur orðið í birtingum til Spánar og Ungverjalands. Er það vegna þess að ein lögmannsstofa er farin að sérhæfa sig í að sækja flugbætur, einkum til flugfélaganna Wizz air, með höfuðstöðvar í Ungverjalandi, og Vueling airlines staðsett á Spáni.

Sem fyrr er stærstur hluti beiðna sem kemur til Íslands frá Noregi og Danmörku. Margar beiðnir beinast að Icelandair hf. og Fly Play hf. vegna innheimtu flugbóta og berast þær aðallega frá Danmörku og Þýskalandi. Auk þessara beiðna koma margar beiðnir frá Noregi þar sem óskað er eftir gjaldþrotaskiptum. Fjöldi beiðna til Bretlands og Bandaríkjanna er svipaður og síðustu ár ef litið er til meðaltals. Áberandi fækkun hefur orðið á birtingum í Þýskalandi þar sem mörg mál sem falla undir einkamál á Íslandi falla undir opinber mál í Þýskalandi svo sem fasteignagjöld, tryggingar og námslán og hafa þeir neitað að birta þau gögn.

Fækkun beiðna endurspeglast ekki í lægri kostnaði vegna póstburðargjalda, enda hafa gjöld Íslandspósts hækkað verulega á undanförnum árum . Af þeim sökum nemur lækkun póstburðargjalda einungis um 45% miðað við fækkun mála.

Áfram fjölgarmálum sem berast á grundvelli Haag-samningsins frá 18. mars 1970 um öflun sönnunargagna. Flest þessara mála koma frá Póllandi og Rúmeníu og eru þau jafnan tímafrek, einkum þegar um er að ræða beiðnir um úttektir á heimilum eða fyrirtækjum fyrir héraðsdómum. Á tímum Covid-19 gengu birtingar vel, einkum vegna breytinga í löggjöf á Norðurlöndum þar sem heimiluð var rafræn birting, meðal annars með tölvupósti eða símtali, auk þess sem móttaka gagna rafrænt var innleidd. Önnur ríki héldu sig að mestu til hlés á sama tíma. Afgreiðsla birtinga frá öðrum ríkjum hefur verið misjöfn. Fjöldi landa hefur lengt birtingarfrest, sérstaklega þar sem þjóðskrá er ekki til stöar. Þrátt fyrir að flest ríki áskilji sér allt að þriggja mánaða frest hefur birting í sumum ríkjum gengið afar seint. Í þeim efnum reynist Spánn erfiðastur, þar sem birting getur tekið allt að 12 mánuði.

Mikil fjöldi birtingarbeiðna berst árlega til landsins. Í flestum tilfellum er notast við stefnuvotta við birtingar, en í undantekningar tilvikuum er leitað til birtingarþjónustu Íslandspósts.Innanlands gengur birting yfirleitt vel og árangur mælist yfir 95%. Meðaltími frá móttöku beiðni til afgreiddrar birtingar er um þrjár vikur, oft skemur. Hins vegar hefur fjölgað tilvikum þar sem einstaklingar eru skráðir óstaðsettir, sem getur tafið framkvæmdina. Í flestum slíkum tilvikum tekst þó stefnuvottum að ná fram birtingu. Erfiðari reynast mál sem varða smærri fyrirtæki sem starfa aðallega á netinu og ekki finnast á skráðu heimilisfangi.

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum hefur annast þennan málaflokk frá árinu 2011 að frumkvæði dómsmálaráðuneytisins. Á þeim tíma hefur margt breyst, bæði til batnaðar og verri vegar. Afgreiðsla málanna er almennt skilvirk, en ljóst er að frekari umbætur yrðu mögulegar með lagabreytingum sem heimiluðu rafræna birtingu, rafræna móttöku gagna og fjarfundameðferð fyrir héraðsdómum.

Heildartölur stefnubirtinga	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Ísland	278	240	256	243	265	258
Noregur	123	83	105	62	72	38
Danmörk	171	105	97	72	93	89
Svíþjóð	63	31	39	39	36	31
Bretland	35	22	20	13	36	29
Bandaríkin	32	20	26	20	23	18
Spánn	7	4	16	12	24	11
Ungverjaland		7	5	23	81	14
Önnur	43	71	39	40	52	60
Samtals birtingar	**752**	**583**	**603**	**524**	**682**	**548**

Íslandspóstur	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Póstburðagjöld	380.027	289.890	512.696	300.869	438.155	448.135

8 Viðauki I – Tölulegar upplýsingar um verkefni sýslumanna eftir embættum

Skammstafanir:	SMH	Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
	SMV	Sýslumaðurinn á Vesturlandi
	SMVF	Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
	SMNV	Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
	SMNE	Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
	SMA	Sýslumaðurinn á Austurlandi
	SMSL	Sýslumaðurinn á Suðurlandi
	SVEY	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
	SMSN	Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Starfskerfi sýslumanna, *Sýslan*, er sniðið að þörfum sýslumanna og samræmt fyrir allar gerðir málaflokka. *Sýslan* geymir tölfræði meðal annars um málafjölda, úrvinnslu og málalok þeirra mála sem þar eru unnin. Ekki eru öll mál sem sýslumenn sinna enn sem komið er unnin í *Sýslu* og dæmi eru um að fjölda mála í einstökum málstegundum, sem liggja utan hennar, þurfi að handtelja hjá hverju embætti. Því er til mikils að vinna að bæta *Sýslu* þannig að sem flestir málaflokkar falli þar undir og þróa kerfið þannig að sem auðveldast sé að kalla fram fjölbreytta tölfræði. Sýslumenn eru með markvissum hætti að færa sem flesta málaflokka sem þeir vinna með í *Sýslu*, því aðeins þannig mun fást heildstæð sýn yfir málshraða og handtök fyrir alla þjónustu sem starfsmenn inna af hendi. Sýslumenn vilja umfram allt skapa starfsfólki sínu skilvirkt, þægilegt og öruggt kerfi til notkunar og tryggja að stafræn þjónusta sé ekki viðbót eða aukalegt álag fyrir starfsfólk heldur hluti af vinnuumhverfinu.

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar úr starfskerfum sýslumanna með vélrænni talningu í samstarfi við Sýslumannaráð og Abra ehf., þjónustuveitanda sýslumanna.

8.1 Fjölskyldumál

Fjölskyldumál alls 2019	SMA	SMH	SMNE	SMNV	SMSL	SMSN	SMVF	SMV	SVMEY	Samtals
Ný mál alls	159	3.312	443	75	511	509	97	247	49	5.402
Samkomulag	123	2.352	324	63	416	369	68	196	37	3.948
Úrskurður	16	246	41	3	26	47	11	16	5	411
Máli vísað frá	5	168	33	5	20	34	6	13	3	287
Önnur málalok	15	546	45	4	49	59	12	22	4	756
Alls lokin mál	159	3.312	443	75	511	509	95	247	49	5.400

Fjölskyldumál alls 2020	SMA	SMH	SMNE	SMNV	SMSL	SMSN	SMVF	SMV	SVMEY	Samtals
Ný mál alls	147	3.043	386	69	445	476	85	218	96	4.965
Samkomulag	107	2.145	279	48	331	330	48	159	69	3.516
Úrskurður	17	198	37	16	38	43	16	16	2	383
Máli vísað frá	5	136	30	3	17	31	2	19	6	249
Önnur málalok	18	564	40	2	59	72	19	24	19	817
Alls lokin mál	147	3.042	386	69	445	476	81	218	96	4.960

Fjölskyldumál alls 2021	SMA	SMH	SMNE	SMNV	SMSL	SMSN	SMVF	SMV	SVMEY	Samtals
